

Alþingi
Erindi nr. P 138/2418
komudagur 18.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18.05.2010
Tilvísun: 201005-0011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau meginmarkmið byggðaáætlunarinnar að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að Alþingi samþykki tillöguna.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in black ink that reads 'Ólafur Darri Andrason'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 138/2485
komudagur 20.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Varðandi þingskjal 910; 521. mál
Tillaga til þingsályktunar
um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013

Umsögn ÁTAKs – Áhugasamtaka um tæknimiðstöð

ÁTAK – Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu- gera hér með athugasemdir við þingsályktunartillögu til stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013.

ÁTAK eru viðtæk samtök aðila úr menntakerfi, s.s. skóla og kennara af öllum skólastigum; aðila úr atvinnulífinu, s.s. landssambönd launafólks, samtaka í nýsköpun s.s. Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, KVENN og FÍKNF og fjölda annarra samtaka og einstaklinga sem vilja að íslensk skólabörn njóti sömu tækifæra og börn í samanburðarlöndum okkar. ÁTAK vinnur að undirbúningi þess að stofnsett verði íslensk tæknimiðstöð (e: science center) en þær eru algengar í öllum öðrum þróuðum ríkjum heims, m.a. öllum nágrannalöndum okkar, og þykja m.a. ómissandi stuðningur við eflingu raungreinamenntunar og áhugavakningu á verklegum greinum og nýsköpun. Hérlendis hefur slíka miðstöð algjörlega vantað og stjórnvöld hafa sýnt málefniinu tómlæti, þrátt fyrir fyrirbyggjandi álit íslenskra og erlendra sérfræðinga í menntamálum, s.s. hina vönduðu skýrslu sem Kennaraháskóli Íslands/SRR vann fyrir ÁTAK árið 2007. ÁTAK hefur unnið mikið og vandað starf, mestallt í sjálfbodavinnu áhugafólks, og hefur gætt þess á öllum stigum að gera stjórnvöldum grein fyrir framgangi verkefnisins. Samtökin hafa notið lítilsháttar framlaga á fjárlögum í nokkur ár til að standa straum að útlögðum kostnaði, en ennþá hafa stjórnvöld hvorki tekið málefnið inn á sína stefnumótun né lagt þá fjármuni í undirbúning sem þarf til áætlanagerðar. Skref í þá átt var þó stigið með því að í niðurstöðum hins viðtæka menntahóps til undirbúnings Sóknaráætlun 20/20 er eindregið lagt til að sett verði á fót íslensk tæknimiðstöð. Þar sem hér um ræddri byggðaáætlun er ætlað að verða hluti af þessari sömu Sóknaráætlun er nauðsynlegt að samræmi ríki um þessi mál. Því gerir ÁTAK eftirfarandi athugasemdir, sem lúta að mestu að þessu málefni, en einnig öðru sem betur mætti fara í tillögunum:

1. Varðandi lykilsvið 1; “atvinnustefna. Hér vantar að geta undirstöðuatriðis góðrar atvinnustefnu, sem er almenn atvinnuþátttaka. Einnig er mikilvægt að nefna hugvit sem einn af undirstöðuþáttum atvinnusköpunar.
2. Varðandi lykilsvið 4; “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Hér vantar að gæta mikilvægis almennra og opinna samtaka í nýsköpun, s.s. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN, en þau starfa á landsvísu og eru mikilvægur liður í eflingu frumkvöðlastarfs.
3. Varðandi kafla I – 2.tl; “heildstæð orkunýtingarstefna. Undarlegt er að hvergi er hér minnst á þörf þess að kanna nýjar orkulindir, s.s. vind- og sjávarorku, en sjávarorka er að öllum líkindum stærsta orkuauðlind landsins. Ísland er nú

þegar að baki öðrum þjóðum í rannsóknum á þessu sviði. Íslensk tækniþróun í þessum efnum gæti komið þjóðinni í fremstu röð, en það myndi skapað okkur verðmæt framleiðslu- og atvinnutækifæri. Því er lagt til að þessi töluliður taki mið af því að hér þarf bæði að rannsaka óhefðbundnar orkulindir og einnig að styðja við og örva þróun sjávarorkutækni.

4. Varðandi kafla I – 4. tl; iðn- og orkugarðar”. Lagt er til að þessi stofnun verði alhliða þróunarmiðstöð orkutækni á Íslandi, en ekki sú sérhæfða stofnun sem skilja má af meginhugmyndinni. Vísað er til röksemda í síðasta tölulið.
5. Varðandi kafla III. – 11. tölulið. “skilvirkara stoðkerfi”. Hér hefur láðst að geta um eina helstu stoð atvinnuuppbyggingar, en það er framtak frumkvöðla og hugvitsmanna. Rétt væri að bæta inn í þennan kafla sérstökum tölulið um rannsóknir á sjávarorku, og vísast um það til rökstuðnings hér að framan.
6. Varðandi Kafla VI; “efling ferðapjónustu”. Hér er þörf að geta um íslenska tæknimiðstöð sem verulegt aðráttarafli í ferðapjónustu. Rétt væri að bæta inn sérstökum lið í því efni, og mætti þá horfa til textans í næsta lið hér á eftir. Sé tekið mið af reynslu tæknimiðstöðva í grannlöndum okkar má ætla að árlegur gestafjöldi íslenskrar tæknimiðstöðvar verði allt að helmingur íbúafjölda Íslands. Er þá gert ráð fyrir að þar yrði sérstök kynning á íslenskrari tækniþróun, líkt og víða tíðkast í tæknimiðstöðvum. Nánar má sjá um þetta efni á heimasíðu ÁTAKs; www.tsi.is.
7. Varðandi kafla VII; “félagsauður”. Hér þarf að bæta inn sérstökum tölulið um tæknimiðstöð (e: science center), sem um var rætt hér í upphafi. Tæknimiðstöðvar eru starfandi á öllum Norðurlöndunum, og hefur m.a. verið mótuð sérstök opinber stefna í Noregi um stofnsetningu þeirra í hverju fylki, enda er gagnsemi þessara stofnana óumdeild og vel þekkt erlendis. Hér hefur þessu lítil gaumur verið gefinn, en þetta atriði gæti t.d. skýrt að hluta hina slæmu útkomu íslenskra skólabarna í pisa könnunum. Tæknimiðstöðvar eru all sérstæðar stofnanir, þar sem gesturinn (nemandinn) lærir gegnum upplifun (hands-on); með því að leika sér í til þess ætluðum leiktækjum; framkvæma þrautir; upplifa; keppa og prófa. Þannig nám er sérstaklega gagnlegt fyrir þá sem eiga erfitt með bóknám. Tæknimiðstöðvar eru þó meira en þetta. Þær eru áhugavaki fyrir nýsköpun og verknám; virkja frumkvöðlahugsun og hvetja til athafna. Sumar búa yfir söfnum sem sýna tækniþróun og nýjungar á því sviði; verk hugvitsmanna og frumkvöðla, en slíka kynningu vantar alveg hérlendis. Um sjö ára skeið hefur starfað víðtækt áhugamannafélag til undirbúnings íslenskrar tæknimiðstöð, sem nefnist ÁTAK (Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu), og nánar er lýst hér í upphafi. Ítarlega er fjallað um eðli tæknimiðstöðva og vinnu ÁTAKs á heimasíðu verkefnisins; www.tsi.is. Tæknimiðstöð Íslands yrði eflaust ein og miðlæg í byrjun; staðsett nærri þungamiðju fjöldans; höfuðborgarsvæðinu. Hún myndi þó, eins og aðrar slíkar erlendis, þjóna skólum í hinum dreifðari byggðum með ýmsum hætti. Fyrir utan fjarkennslu og net yrði farið í reglulegar heimsóknir; skipulagðar yrðu nemendaheimsóknir o.fl. Tæknimiðstöð þjónar því landinu öllu og á tvímælalaust heima í byggðaáætluninni. Hinn víðtæki menntahópur sem nú hefur skilað niðurstöðu til undirbúnings “Sóknaráætlun 20/20” fjallaði ítarlega

um þörf á tæknimiðstöð. Í niðurstöðum hópsins segir m.a. “Koma þarf á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglunga á raungreinum og örva nýsköpun”. Nauðsynlegt er að tillaga þessi að nýrri byggðaaáætlun sé í samræmi við þessar niðurstöður starfshópsins. Því er hér með lagt til að nýr töluliður bættist við þingsályktunartillöguna sem orðist þannig:

30. Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Markmið: Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Meginhugmynd: Koma á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglunga á raungreinum og örva nýsköpun. Slíkar miðstöðvar eru starfræktar í nágrannalöndum okkar og sérfræðingar hafa staðfest gagnsemi og þörf hennar hér, ekki síst í þágu raungreinamenntunar en einnig sem áhugavaka í nýsköpun og kynningu á íslenskri tæknipróun. Unnið hefur veið að undirbúningi slíkrar stofnunar um nokkurt skeið á vegum áhugasamtakanna ÁTAKs, með aðkomu margra aðila úr mennta- og atvinnulífi. Kanna þarf hagkvæmni þess að tengja slíka stofnun fyrirhuguðu Náttúruminjasafni og e.t.v. öðrum stofnunum.

Árangursmat: Áfangaskýrslur undirbúnings; stofnframkvæmda og rekstrar

Ábyrgð á framkvæmd: Mennta- og menningarráðuneyti.


Aðrir þátttakendur: ÁTAK (Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu); Náttúruminjasafn.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Stjórn ÁTAKs væntir þess að framangreindar tillögur verði skoðaðar vandlega af þeim sem um þessa tillögu fjalla, og að þeirra megi sjá stað í þingsályktunartillögunni þegar hún kemur til afgreiðslu á Alþingi. Stjórn ÁTAKs er reiðubúin að gera nánari grein fyrir sínum athugasemdum og mæta á þá fundi sem þurfa þykir til að vinna málefninu framgang.

Virðingarfyllst

14. maí 2010

 f.h. stjórnar ÁTAKs

Valdimar Össurason, stj.formaður

Iðnaðarnefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 138/3080
komudagur 23.8.2010

Stutt ágríp:

Staða og horfur varðandi undirbúning Tæknimiðstöðvar Íslands

Lagt fram á fundi VÖ með iðnaðarnefnd 23.09.2010.
Vísad er til tillagna dags. 14.05.2010 um þátt að byggðapr.áætlun.

521. mál

Staða: Síðastliðin 7 ár hefur undirritaður verið í forystu fjölmenns hóps sem unnið hefur að undirbúningi þess að hérlandis verði stofnuð tæknimiðstöð (e: science center) þannig að Íslendingar standi jafnfætis öðrum þróuðum ríkjum varðandi raungreinamenntun; tæknimenningu og hvatningu til frumkvöðlastarfs. Stuðningur og skilningur á þessu verkefni hefur sífellt verið að aukast, og fyrir nokkrum árum voru stofnuð landssamtökin ÁTAK til að standa fyrir undirbúningsvinnunni. Innan þess eru starfandi fjöldi kennara; kennslusérfræðinga; skóla á öllum námsstigum; félagasamtaka í nýsköpun og menntun; launþegasamtaka og áhugafólks á þessu sviði. Fyrir liggur fjöldi sérfræðiálita og ber þar hæst skýrslu Kennaraháskóla Íslands, en öllum ber saman um nauðsyn þess að stofnuð verði íslensk tæknimiðstöð. Vinna ÁTAKs hefur verið yfirgripsmikil og vönduð. Alþingi hefur veitt lítilsháttar fé til greiðslu kostnaðar en mest er unnið í sjálfböðavinnu. Á vefsíðu ÁTAKs; www.tsi.is, má sjá meira um þetta starf og rökin sem að baki liggja. Kappkostað hefur verið að vinna í nánnum tengslum við stjórnvöld á hverjum tíma. Efnahagsástandið veldur eðlilega töfum á framkvæmd þessa nauðsynjamáls. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að stjórnvöld marki sér stefnu um úrbætur, og beita samtökin sér nú fyrir auknum skilningi á því, auk þess að halda áfram kynningarstarfi. Fundað var með núverandi menntamálaráðherra haustið 2009 og sýndi hún málinu skilning og áhuga. Fundað verður með menntamálanefnd Alþingis nú í haust.

Horfur: Mikill áfangi vannst vorið 2010 þegar víðtækur menntahópur skilaði niðurstöðum sínum til undirbúnings að “Sóknaráætlun 20/20”. Þar segir orðrétt m.a.: “Koma þarf á fót tæknimiðstöð (e: science center) sem verkja myndi athygli og áhuga barna og unglunga á raungreinum og örva nýsköpun” Svipaðar áherslur má finna í aðalnámskrám og nýlegu tengdu efni. Sumpart má eflaust rekja þessa áherslubreytingu til kynningarstarfs ÁTAKs, en samtökin munu áfram bjóða fram krafta sína til framgangs þessu málefni.

Stjórnvöld: Nauðsynlegt er að stjórnvöld séu meðvituð um þann skort sem ríkir í mennta- og menningarmálum með vöntun tæknimiðstöðvar og móti stefnu um úrbætur, þannig að íslensk skólabörn njóti ekki lakari námsaðstöðu en börn í öðrum löndum. Alþingi þarf nú þegar að taka málefnið til umræðu; álykta um það og setja það í farveg. Taka þarf tillit til þessa málefnis við alla stefnumótun, svo sem nú er gert með tillögum að sóknaráætlun. Því er nauðsynlegt að það verði einnig hluti byggðaaætlunar eins og rakið er í lið 7 í tillögum ÁTAKs frá 14. maí 2010. Í framhaldi af stefnumótun er nauðsynlegt að tryggja sem fyrst fé til vandaðs og nauðsynlegs undirbúnings með aðkomu sérfræðinga, hagsmunaaðila og áhugafólks. Samtökin ÁTAK munu áfram leggja sig fram um að koma þessu brýna málefni í höfn og óska eftir samstarfi við stjórnvöld.

23. ágúst 2010
Valdimar Össurarson
stj.formaður ÁTAKs

Alþingi
Erindi nr. P 138/2552
komudagur 26.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2010

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013, þskj. 910 – 521. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013. BSRB tekur heilshugar undir meginmarkmið byggðaáætlunarinnar sem eru „að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.“

Í ályktun 42. þings BSRB í nóvember 2009 um atvinnumál er tekið á ýmsum þáttum sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um og fylgir því ályktunin hér á eftir:

Ályktun 42. þings BSRB um atvinnumál

Ísland er ríkt af auðlindum sem nýta þarf á hagkvæman hátt við uppbyggingu efnahagslífsins. Mikilvægt er að standa vörð um þær og sjá til þess að arður af þeim skili sér til landsmanna. Vistvæn nýting framleiðsluþátta og sjálfbær þróun er forsenda þess að hægt verði að byggja upp hagsæld til framtíðar. Mikilvægi endurnýtanlegrar orku á borð við jarðvarma og vatnsafl fer stöðugt vaxandi. Þá hefur sjávarútvegurinn lengi verið veigamesta undirstaða efnahagslífsins og svo er enn. Mikilvægt er að tryggja hagkvæma nýtingu auðlinda hafsins og þarfnast fyrirkomulag nýtingarréttarins endurskoðunar.

Mikilvægi íslensks landbúnaðar kom berlega í ljós við efnahagshrunið. Má segja að búseta á Íslandi byggji á þessari atvinnugrein þar sem hún tryggir matvælaöryggi í landinu. Þing BSRB leggur ríka áherslu á að styrkja þurfi rekstrargrundvöll landbúnaðarins.

Traustur grundvöllur hefur verið lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi með aukinni menntun. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að nýsköpun og hlúa að vaxtarsprotum. Vaxandi atvinnugreinar á borð við ferðapjónustu, upplýsingatækni og líftækni skapa mörg störf og eru nær undantekningarlaust gjaldeyrisskapandi. Til að góðar hugmyndir verði að veruleika verður að tryggja fjármögnun þeirra. Með fjölbreyttu atvinnulífi og raunverulegri gjaldeyrissköpun fyrirtækja má draga úr líkum á stórfelldum örðugleikum í atvinnulífinu.

Lítið traust er á íslensku efnahags- og atvinnulífi og hefur það komið harkalega niður á fjölda fyrirtækja. Endurreisa þarf traust á efnahags- og atvinnulífinu og skapa heilbrigða atvinnustarfsemi og lífvænlegt rekstrarumhverfi. Koma verður á stöðugleika í efnahagslífinu, lækka vexti og aflétta höftum í gjaldeyrismálum. Þá er ljóst að mörg fyrirtæki standa illa vegna afleitra rekstrarskilyrða og mikilla skulda. Fjöldi fyrirtækja hefur þegar orðið gjaldþrota vegna þessa eða dregið verulega saman í rekstri. Aðstoða þarf þjóðhagslega hagkvæm fyrirtæki sem standa illa svo að flýta megi fyrir efnahagslegum bata.

Alvarlega staða hefur verið í atvinnumálum frá því að efnahagskreppan skall á og hefur atvinnuleysi ekki verið meira frá því að skipuleg skráning hófst. Til skamms tíma var það vart mælanlegt hér – þvert á móti hefur eitt megineinkenni hagkerfisins verið umfram eftirspurn eftir vinnuafli. Atvinnuleysi jókst á einu ári úr 1% í rúmlega 9% þegar verst lét. Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við með markvissum úrræðum í atvinnu- og menntamálum. Samkvæmt nýlegum tölum frá Vinnumálastofnun hefur stærstur hluti þeirra sem nú eru skráðir atvinnulausir ekki lokið framhaldsnámi. Þar af er stór hluti þeirra undir þrjátíu ára aldri. Hvetja þarf þennan hóp til frekara náms til að draga úr hættu á búferlaflutningum frá landinu og einnig til að koma í veg fyrir að langtíma atvinnuleysi nái að skjóta rótum. Með aukinni menntun styrkir fólk stöðu sína á vinnumarkaði. Stór hluti þeirra sem skráðir eru atvinnulausir sjá hins vegar ekki fram á að hafa efni á að stunda nám vegna fjárhagsörðugleika.

Í kjölfar efnahagshrunsins jukust skuldir hins opinbera stórlega og líkur eru á því að draga þurfi úr umsvifum þess á næstu árum. Fara verður mjög varlega í niðurskurð í opinberum rekstri til að hamla gegn auknu atvinnuleysi og verja grunnþjónustu samfélagsins. Öflug opinber almannþjónusta hefur aldrei verið eins mikilvæg og nú. Þar starfa þúsundir í skólum, félags- og heilbrigðisþjónustu, konur í miklum meirihluta, svo dæmi séu nefnd. Það gleymist oft að líta á almannþjónustuna sem mikilvægan hlekk í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Þess vegna þarf að snúa dæminu við og efla hana í stað þess að veikja.


42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í atvinnumálum:

- Tryggja þarf að aukin greiðslubyrði hins opinbera á næstu árum bitni ekki á grunnþjónustu í samfélaginu. Almannaþjónustan er mikilvægur hluti af atvinnulífinu og skilar samfélaginu miklum arði. Niðurskurður er því skammgóður vermir, hann er kostnaðarsamur og mun þar á ofan leiða til aukins atvinnuleysis.
- Bæta verður fjárhagslega stöðu fólks sem kýs að fara af vinnumarkaði í frekara nám. Þá þarf að styrkja menntakerfið sérstaklega á meðan niðursveiflan í efnahagslífinu varir.
- Gæta verður að því að langtíma atvinnuleysi nái ekki að festa rætur.
- Huga verður sérstaklega að málefnum vaxandi atvinnugreina, sem og að styðja við bakið á nýsköpunarfyrirtækjum til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu.
- Stuðla þarf að sjálfbærri nýtingu auðlindanna og tryggja að þær verði nýttar í þágu almennings.



- Styrkja þarf rekstrargrundvöll landbúnaðarins og stuðla að nýliðun innan greinarinnar. Gefa þarf bændum ráðrúm til að laga sig að breyttu umhverfi og bæta verður kjör þeirra.
- Málefnum sjávarútvegsins, aðalútflutningsgreinar þjóðarinnar, verður að sinna með markvissum hætti.
- Hvatt er til innkaupa á íslenskum afurðum til að tryggja íslenska framleiðslu og atvinnu.
- Tryggja þarf að íslensk framleiðsla njóti bestu kjara á orkuverði.
- Auka þarf fjölbreytni atvinnulífsins.
- Hraðað verði sem kostur er gjaldeyrisskapandi framkvæmdum.
- Áhersla verði lögð á að styrkja menningartengda atvinnustarfsemi.
- Tryggja þarf með ákvæði í stjórnarskrá að allar auðlindir verði í almannaeigu.

Fyrir hönd BSRB


Sigurður Á. Friðþjófsson



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/2551
komudagur 26.5.2010

Dagsetning
25.05.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, mál 521.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Haustið 2008 fól iðnaðarráuneyti Byggðastofnun: “ að vinna frumdrög að nýrri byggðaáætlun sem skyldi byggja á grunni gildandi áætlunar fyrir árin 2006-2009.”

Byggðastofnun skilaði tillögu að byggðaáætlun til iðnaðarráðherra á vordögum 2009, sem tók töluverðum breytingum í iðnaðarráðuneytinu. Árið 2009 var grunnur byggðaáætlunar endurskoðaður með tilliti til samstarfsyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar og ákveðið að byggðaáætlun verði sett fram sem innlegg í Sóknaráætlun 2020. Formi áætlunarinnar var breytt þannig að Alþingi samþykkir meginmarkmið áætlunarinnar og sjö svið sem henni er ætlað að hafa að leiðarljósi, en að einstakar tillögur byggðaáætlunar eru í athugasemdum við þingsályktunina. Byggðastofnun vann hins vegar alfarið fylgiskjal áætlunarinnar: “Byggðaþróun – Ástand og horfur.”

Byggðastofnun telur að með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar í stjórnkerfmu sé eðlilegt að hún að fari með frumkvæði að framkvæmd byggðaáætlunar á sem flestum sviðum, en í tillögu stjórnar Byggðastofnunar var gert ráð fyrir að hún bæri ábyrgð á eða væri þátttakandi í framkvæmd fleiri tillagna en þingsályktunin gerir ráð fyrir. Í ljósi aðkomu Byggðastofnunar að gerð áætlunarinnar og stjórnsýslulegrar stöðu hennar er ekki rétt að Byggðastofnun geri frekari athugasemdir við þingmál þetta.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar

Akureyri 25. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013, 521. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eypings vísar til umsagnar sinnar frá 25. nóvember 2009 við drög að byggðaáætlun og telur umsögnina einnig í meginatriðum enn eiga við fyrirbyggjandi tillögu.

Að mati stjórnar Eypings er tillagan fyrst og fremst **stefna og áherslur iðnaðarráðuneytisins í atvinnumálum á Íslandi.** Með öðrum orðum má líta á hana sem almenna atvinnustefnu fremur en stefnu í byggðamálum. Byggðamál eru í eðli sínu breiður málaflokkur. Segja má að í einu þeirra lykilsviða sem kynnt eru í áætluninni sé farið út fyrir ramma iðnaðarráðuneytis, en það í áherslum á félagsauð. Eins og fram kemur í upphafi tillögunnar er byggðaáætlun ætlað að verða hluti af þeirri heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta sem nú er í vinnslu. Einnig kemur fram í athugasemdum sem fylgja tillögunni að ákveðið var að móta byggðaáætlunina þannig að hún yrði fyrst og fremst innlegg í Sóknaráætlun 2020 sem nú er unnið að.

Erfitt er að átta sig á hvernig byggðaáætlun á að falla að þeirri vinnu sem nú er unnið að við gerð sóknaráætlana fyrir alla landshluta undir forystu landshlutasamtaka sveitarfélaga og í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar, auk sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og íbúa í landshlutanum. Athygli vekur að þrátt fyrir hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga þá er þeirra varla getið í tillögunni. Boðað hefur verið að í haust verði lagðar fram tillögur um samþætta sóknaráætlun fyrir alla landshluta sem og fyrir landið allt. Stjórn Eypings lítur svo á að sóknaráætlun verði hin eiginlega byggðaáætlun. Ef ætlunin er að byggðaáætlun iðnaðarráðuneytisins verði hluti sóknaráætlunar, eins og fram kemur í tillögunni, er eðlilegt að hún verði afgreidd samhliða afgreiðslu sóknaráætlunar. Stjórn Eypings telur því að afgreiðsla tillögunnar nú hafi ekkert gildi og fresta beri afgreiðslu hennar þar til kemur að afgreiðslu sóknaráætlunar.

f.h. stjórnar Eypings



Pétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri



Geirsgata 9 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 8. júní 2010

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013
Mál 521 - Þskj. 910

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013.

Ferðamálastofa fagnar þessari þingsályktunartillögu um byggðaáætlun 2010-2013 og þeirri vinnu sem liggur til grundvallar henni. Mikið og gott starf hefur farið fram og margir komið þar að. Ferðamálastofa lýsir yfir ánægju sinni með að sérstakt tillit er tekið til ferðaþjónustunnar og aukins vægis hennar en oft hafa sjónarmið og hagsmunir ferðaþjónustunnar átt undir högg að sækja þegar komið hefur verið að ákvarðanatöku um uppbyggingu atvinnulífs.

Ferðamálastofa tekur undir mikilvægi þess að byggðaáætlunin fyrir árin 2010-2013 verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta og að ýmsar opinberar áætlanir verði samþættar. Það mun leiða til aukins samstarfs þvert á ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðra hagsmunaaðila. Með samþættingunni skapast meiri heild, tölfraðigögn verða aðgengilegri, upplýsingaöflun verður markvissari og betri yfirsýn fæst yfir þær aðgerðir sem fara á í. Auðveldara verður að greina styrkleika og veikleika svæða sem og samkeppnishæfni þeirra sem gerir alla framkvæmd og eftirfylgd markvissari.

Með byggðaáætluninni fær Ferðamálastofa aukið vægi sem ein af grunnstöðum atvinnulífsins þar sem stofnunin fer með framkvæmd ferðamála og henni er ætlað að vinna að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi.

Í kafla 2.5. um umfjöllun um byggðaþróun og atvinnuástand í landshlutunum kemur fram að horft er í auknu mæli til ferðaþjónustunnar sem vaxtabrodds atvinnulífsins. Þar er fjallað um að ferðaþjónustan sé ört vaxandi og sóknarfærin fjölmörg. Einnig kemur fram að samspil samgangna og ferðaþjónustu er mikilvægt og bættar samgöngur eru forsenda eflingar ferðaþjónustunnar. Ferðamálastofa tekur undir þetta og ber miklar væntingar til byggðaáætlunarinnar og þar með sóknaráætlunarinnar í heild. Það er mat Ferðamálastofu að ferðaþjónustan eigi eftir að vaxa enn frekar og ferðamönnum fjölga. Þess vegna er

þörf á markvissum aðgerðum til nýsköpunar í ferðaþjónustu, uppbyggingar á ferðamannastöðum, fjölga þeim og lengja ferðamannatímann.

Einstakar athugasemdir við byggðaáætlunina

Kafli VI. Efling ferðaþjónustu

Undirkaflí 22. Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu tengd heilsu, lífstíl, ráðstefnum og menningu.

Meginhugmynd,

2. mgr., 3. ml. Setningin hljóðar svo: Skilgreina þarf markmið og stefnu í uppbyggingu heilsuferðaþjónustu og síðan byggja upp þekkingargrunn er nýtist þeim sem vilja hasla sér völl innan þessarar greinar ferðaþjónustunnar og nýtist opinberum aðilum í stuðningsverkefnum, m.a. við mótnun sameiginlegs vörumerkis fyrir Ísland sem heilsulind.

Lagt er til að í stað orðsins heilsulindar verði notað orðið heilsuland enda hefur það orð viðtækari merkingu.

Undirkaflí 25. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Meginhugmynd, 2. mgr. Setningin hljóðar svo: Samhliða aukinni vetrarferðamennsku þarf að huga sérstaklega að vottunarmálum fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á áhættusækna afþreyingu. upp á útivist og ferðalög. Vetrarferðir, og raunar einnig hálendis- eða jöklaferðir að sumarlagi, gera ríkar kröfur um undirbúning, aðgát og viðbrögð.

Lagt er til að setningin orðist svo: Samhliða aukinni vetrarferðamennsku þarf að huga sérstaklega að **leyfis- og vottunarmálum** fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á **áhættusækna afþreyingu**. ~~upp á útivist og ferðalög~~. Vetrarferðir, og raunar einnig hálendis- eða jöklaferðir að sumarlagi, gera ríkar kröfur um undirbúning, aðgát og viðbrögð.


Einnig er lagt að til að tímaætlun framlengist til 2012 og verði 2010-2012

Undirkaflí 27. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum.

Aðrir þátttakendur: Lagt er til að auk Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana þeirra komi Nýsköpunarmiðstöð Íslands en það er sú stofnun sem sérhæfir sig í nýsköpun.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu



Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur

UMSÖGN

Um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013.

Stjórn Fjárfestingarstofu fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og telur hana gefa fyrirheit um framgang þarfra verkefna.

Sérstaklega ber að fagna þeirri áherslu sem lögð er á þýðingu beinna erlendra fjárfestinga en ljóst er að Ísland getur notið góðs af fjárfestingum erlendra aðila hér á landi á mun fjölþættari sviðum en hingað til hefur tíðkast. Stjórnin telur að bein erlend fjárfesting eigi og geti gegnt þýðingarmiklu hlutverki við endurreisn efnahagslífsins í kjölfar efnahagshrunsins. Þau verkefni og verkáætlanir sem lýst er í þingskjalinu í athugasemdum við þingsályktunartillöguna bera að mati stjórnar, vott um viðurkenningu slíkra sjónarmiða.

Stjórn Fjárfestingarstofu vill þó vekja athygli á eftirfarandi:

1. Atvinnustefna.

Heildstæð orkunýtingarstefna. (verkefni 1.2)

Við mótun orkunýtingarstefnu þarf að tryggja samþættingu við atvinnustefnu, stefnu orkufyrirtækja um orkusölu og viðskiptavini, svo og áherslu og markmið varðandi beina erlenda fjárfestingu. Ósamræmi milli ofangreindra aðila skapar hentistefnu og ómarkviss vinnubrögð við endurreisn íslensks efnahagslífs.

2. Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu. (kafla V.)

Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar (kafla 21).

Vakin er athygli á því að Fjárfestingarstofa hefur í samstarfi við Ráðgjafar-og fræðsluvið Útflutningsráðs mótað tillögu að fræðslufundum, þekkingaruppbyggingu og framsetningu upplýsinga fyrir einstök landsvæði til að gera alla kynningarvinnu á vegum Fjárfestingarstofu auðveldari og skilvirkari. Gert er ráð fyrir allt að 10 slíkum landshlutaverkefnum og að vinna hefjist á hausti komanda. Kostnaðaráætlun liggur fyrir en fjármögnun verkefnisins er ólokið.


3. Uppbygging iðnaðarsvæða – stytting á umhverfismatsferli

Stjórn Fjárfestingarstofu leggur til að bætt verði inn sérstöku verkefni sem miði að úttekt og greiningu á sérstökum iðnaðarsvæðum sem heppileg eru til uppbyggingar orkuháðs iðnaðar af mismunandi stærð og gerð. Horft verði til þess hvernig hámarka megi samkeppnishæfni þessara svæða með því að undirbúa þau sérstaklega fyrir umhverfismat og jafnvel einstakar tilteknar atvinnugreinar. Með því mætti stytta umhverfismatsferlið umtalsvert.

Jafnframt verði hugað að því hvort og þá hvernig hægt er að sameina hagsmuni þeirra sveitarfélaga sem hafa skipulagsrétt yfir orkusvæðum og þeirra sveitarfélaga sem ráða yfir samkeppnishæfastri staðsetningu fyrir atvinnuuppbyggingu í gegnum beina erlenda fjárfestingu.

Reykjavík 12 maí 2010

f.h. stjórnar Fjárfestingarstofu



Þórður H. Hilmarsson



Alþingi
Erindi nr. P 138/2609
komudagur 31.5.2010

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn til Alþingis, þingsályktun um Byggðaáætlun 2010-2103, þingskjal 910, 138. löggjafarþing

Samspil Byggðaáætlunar 2010-2013, Sóknaráætlunar landshluta og Sóknaráætlunar 20/20

Iðnaðarráðherra leggur nú fram þingsályktun að Byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013 á grundvelli 7. gr laga nr 106/1999 og 12. gr reglugerðar nr 347/2000 um Byggðastofnun. Kynnt eru meginmarkmið og leið að markmiðum í gegnum sjö lykilsvið. Innan þessara lykilsviða er að finna 31 aðgerð (verkefni) til að ná fram meginmarkmiðum. Einnig fylgir áætluninni, greinargerð Byggðastofnunar um ástand og horfur í byggðapróun.

Boðuð er margþætt samræming aðgerða stjórnvalda, á bls 1 segir: "Byggðaáætlunin grundvallast því að þessu sinni á aðgerðum sem tengjast nýsköpun og atvinnuþróun sem verða felldar að annarri stefnumótun, t.d. samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun, við gerð Sóknaráætlunar 2020."

Nálgunin sem kemur fram í tillögu að byggðaáætlun 2010-2013 er því að meginhluta miðuð við verkefnasvið iðnaðarráðuneytis en verkefni annarra ráðuneyta og stofnana þeirra, sem koma að byggða- og atvinnumálum, eru mun sjaldnar tilgreind. Telja verður að þetta gangi gegn ákvæðum laga og reglugerðar um gerð byggðaáætlunar. Byggðaáætlun skal fylgja umfjöllun um tengsl byggðaáætlunar við stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum og öðrum aðgerðum stjórnvalda. Hér er látið nægja að áætluninni fylgi skýrsla Byggðastofnunar auk þess sem vísað er til væntanlegra aðgerða stjórnvalda en án nánari skýringa. Í þessu felst ef til vill í raun viðurkenning á, að byggðaáætlun hefur í raun ekki haft það gildi sem lesa má úr lögum og reglugerðum um Byggðastofnun. Frá því iðnaðarráðuneytið tók við stjórnsýslu málaflokksins af forsætisráðuneyti, hefur í raun ekki fundist aðferð sem getur talist hafa festst í sessi innan stjórnsýslunnar um það hvernig beri að vinna að framkvæmd málaflokksins. Á síðasta tímabili byggðaáætlunar má telja að stjórnsvið áætlunarinnar hafi þrengst enn meir og málaflokkar iðnaðarráðuneytisins hafa orðið mest áberandi. Tillaga að nýrri byggðaáætlun gerir ráð fyrir að gengið verði enn lengra í þessa átt. Málaflokkum sem snerta byggðamál er hinsvegar sinnt á margþættan hátt af hálfu ríkisins svo sem hvað snertir menntun, menningu og rannsóknir. Hér verður einnig að geta margþættrar aðkomu sveitarfélaga að stuðningskerfi atvinnulífs, hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, menningarmála og uppbyggingar framhaldsmenntunar og rannsókna.

Stjórnvöld hafa einnig brugðist við aðstæðum á ákveðnum landssvæðum með ýmsum sértækum verkefnum, dæmi um slíkteru mótvægisáðgerðir vegna þorskaflasamdráttar. Annað dæmi eru landsvæðatengdar nefndir sem stjórnvöld hafa sett af stað á grundvelli erinda sveitarstjórna viðkomandi svæða, s.s. Vestfjarðanefnd, Norðvesturnefnd og Norðausturnefnd. Tillögur og framkvæmd tillagna þessara nefnda hafa haft margþætt áhrif í nútíð og ekki síður framtíð. Fjallað

er um starf þessara nefnda í greinargerð Bygðastofnunar sem fylgir byggðaaætlun¹ (bls 47- 48). Við starf þessara nefnda hafði forsætisráðuneytið ábyrgð á framkvæmd mála. Þar kom í ljós mikilvægi þess að hafa í forsvari ráðuneyti sem hefur yfirsýn, getur samræmt og gefið valdboð ef á þarf að halda.

Boðað hefur verið að stjórnun Sóknaráætlunar 20/20 verði hjá forsætisráðuneyti. Rétt er að benda á að í dag hefur samþykkt byggðaaætlunar grundvöll í lögum en Sóknaráætlun ekki. Mikilvægt er að fá skýrt fram hvaða áætlun stjórnvalda sé stefnumarkandi í heild og hvernig markmiðum hennar verði fylgt fram með lögum eða hugsanlegum breytingu á lögum. Að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga er mikilvægt að Alþingi fjalli um þessi atriði og mælst er til að iðnaðarnefnd kalli eftir álitum allsherjarnefndar Alþingis í þessum efnunum.

Fjárhagsrammi Byggðaaætlunar 2010-2013.

Telja verður nauðsynlegt að byggðaaætlun sé sett fram í takt við væntanlegar fjárveitingar Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 2010, var veitt 317,6 mkr framlag til byggðaaætlunar og var það lækking um 100 m.kr frá fyrra ári. Stjórnvöld hafa boðað aukinn niðurskurð í ríkisfjármálum og telur Fjórðungssamband Vestfirðinga nauðsynlegt að skýrt komi fram í umfjöllun Alþingis hver fjárhagsrammi Byggðaaætlunar verður og hvernig fjármögnun þeirra verkefna sem tilgreind er í áætluninni verður háttáð.

Til að setja hinn þrönga fjárhagsramma í samhengi má í fljótu bragði nefna þrjú verkefni innan byggðaaætlunar 2006-2009, sem telja verður líklegt að verði starfrækt innan nýrrar byggðaaætlunar. Vísað er til fjárveitingar á árinu 2009, samkvæmt svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi (þskj. 614 – 307. mál, 136. þing). Þessi verkefni eru, vaxtarsamningar landshluta með framlag að fjárhæð 185 m.kr, alþjóðlegar áætlanir s.s. NPP/NORA/ESPON með framlag að fjárhæð 75 m.kr og Imprá með framlag að fjárhæð 90 m.kr, samtals 350 m.kr.

Aðkoma sveitarstjórnarstigsins, landshlutasamtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga.

Sífelld er í umræðu skipulag atvinnuþróunarstarfs í héraði og miðlægrar þjónustu. Takast þar á sjónarmið um mikilvægi sérhæfðrar þekkingar sem, vegna smæðar þjóðarinnar, getur ekki verið dreifð um landið. Á mótum eru sjónarmið um að byggja verði upp sértæka þekkingu í héraði og gefa svigrúm til aðgerða eftir því hvernig aðstæður eru í héraði hverju sinni.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hin þrönga nálgun byggðaaætlunar leiði til þess að áhersla verði lögð á miðlæga þjónustu. Þetta sést meðal annars á því að hve litlu leyti vikið er að hlutverki og aðkomu sveitarstjórnarstigsins og ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar kemur að

¹ Rétt er að koma á framfæri ábendingu varðandi umfjöllun í greinargerð Bygðastofnunar sem fylgir Byggðaaætlun 2010-2013 bls 48 er varðar tillögur í skýrslu Vestfjarðanefndar um 500 mkr framlög til 80 stöðugilda. Tillögur nefndarinnar voru teknar til umfjöllunar af nýrri ríkisstjórn í upphafi sumars 2007. Ákveðið var að hrinda af stað um helming tillagna, meta síðan árangur og skoða framkvæmd annarra tillagna á árunum 2009 / 2010, ekki þarf að fjölýrða um þau áform í dag. Niðurstaða varð því að af 37 tillögum náðu um 20 fram að ganga, framlög til þeirra námu um 220 mkr, um 45 störf sköpuðust, þar af eru um 15 störf tímabundin. Framlög hafa síðan verið skert á árunum 2009 og 2010.

framkvæmd verkefna byggðaaætlunar. Atriði sem nefna má í þessu samhengi eru m.a., skipulagsmál, hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaganna og aðkoma að samstarfsverkefnum með stjórnvöldum í stuðningskerfi atvinnulífs.

Atvinnuþróunarfélögin eru ein af grunnstoðunum í stoðkerfi atvinnulífs á viðkomandi landssvæðum. Sveitarfélögin koma að rekstri þeirra með framlögum og eru með eignaraðild í gegnum landshlutasamtökin. Fram til ársins 2008 komu sveitarfélög á Vestfjörðum ásamt atvinnulífi á Vestfjörðum einnig að fjármögnun Vaxtarsamnings Vestfjarða. Breyttar áherslur eru nú í starfsemi vaxtarsamninga og verða þeir nú eingöngu fjármagnaðir í gegnum byggðaaætlun.

Fjallað hefur verið um aukið hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga á síðustu misserum. Hér er vísað í niðurstöður starfshóps samgönguráðuneytis, frá því í ágúst 2009², um endurskoðun á starfsemi landshlutasamtakanna. Í inngangi skýrslunnar segir starfshópurinn meðal annars svo um niðurstöður sínar: „Það er einróma álit starfshópsins að þörf sé á að efla byggðapróun í landinu og samþætta opinberar áætlanir og stefnur. Þetta er mikilvægt til þess að ná tilætluðum árangri, auka skilvirkni, nýta betur fjármuni og til að fyrirbyggja óþarfa ágreining. Starfshópurinn er sammála um að landshlutasamtök sveitarfélaga séu vel til þess fallin að taka að sér það samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði”


Tekið hefur verið mið af þessum tillögum framangreinds starfshóps með tilliti til þess að landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög viðkomandi landshluta, hafa unnið mikla vinnu við undirbúning og eftirvinnslu á svokölluðum Þjóðfundum í landshlutunum. Niðurstöður þessara funda eiga að vera grunnur að stefnumörkun landshlutanna og Íslands í heild í Sóknaráætlun 20/20.

Öflug landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög eru því kjarninn í framkvæmd verkefna sem koma inn á starfssvið byggðaaætlunar og eru því lykilaðilar ásamt stofnunum ríkisins við mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

Rannsóknir, menntun og þróun.

Það er jákvætt hve víða í byggðaaætlun er komið inn á umfjöllun um mikilvægi aðgerða stjórnvalda í að efla rannsóknir, þróun og framhaldsmenntun utan höfuðborgarsvæðis. Í greinargerð Byggðastofnunar sem fylgir byggðaaætlun 2010-2013 er fjallað um uppbyggingu menntunar, rannsókna og fræðistarfa víða um land (bls 42). Sé horft til langtímaþróunar verður að telja að þetta séu þær aðgerðir sem munu skila hvað víðtækustum árangri í nýsköpun, eflingu samfélaga og jöfnun búsetuskilyrða. Sjá má árangur af slíkri uppbyggingu á Vestfjörðum í umfjöllun í greinargerð Byggðastofnunar (bls 56), þar er þó ekki sundurgreint nægjanlega staðsetning stöðugilda. Hér er sýnd mynd af uppbyggingu á þessu sviði á Vestfjörðum á síðustu árum.

² http://www.samgonguraduneyti.is/media/sveitarefning09/skyrsla_landhlutasamtokpdf.pdf



Mynd (1) Stað uppbyggingar í stöðugildum og fjöldi nema í framhaldsnámi innan Vestfirðja, haustið 2009

Myndin gefur jafnframt til kynna að hér sé að hugsanlega að takast að byggja upp umhverfi fyrir rannsóknir, menntun og þróun. Staðan er hinsvegar viðkvæm með tilliti til efnahagsástands. Fjórðungssamband Vestfirðinga vill hér árétta að íbúar Vestfirðja og Austfirðja búa í dag hvað fjærst staðbundinni háskólastofnun og því umhverfi sem byggist í kringum slíka starfsemi. Uppbygging Háskólaseturs Vestfirðja og háskólastarfsemi Þekkingarnets Austurlands var á sínum tíma (árið 2005) ákveðin svörun við ákalli heimamanna. Á þeim tíma var einnig horft til eflingar byggðakjarna og leit að sérhæfni sem þeir gætu staðið fyrir á landsvísu.

Í tillögugerð Vestfirðinga á þjóðfundi í Bolungarvík gekk sem rauður þráður að halda beri þessari stefnu áfram og litið á þá starfsemi sem hér er birt á mynd, sem fjöregg svæðisins. Unnin var sérstök tillaga í framhaldi fundarins sem nefnd er Háskóli hafsins. Fjallar tillagan um að á Vestfirðum verði miðstöð Íslands í rannsóknum og menntun á sviði málefna strandsvæða og nærliggjandi hafsvæða. Líkt og gerst hefur í öðrum hlutum landsins þá mun nánd slíkrar starfsemi verða til að efla aðra starfsemi á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

Það er því miður að sú þrönga nálgun byggðaaætlunar út frá málaflokkum iðnaðarráðuneytis kemur hinsvegar í veg fyrir að þessi málaflokkur sé settur fram sem sérstakt markmið líkt og gert hefur verið í fyrri byggðaaætlunum.


Nýjar tillögur

Að lokum vill Fjórðungssamband Vestfirðinga koma að nokkrum tillögum í umfjöllun um byggðaaætlun 2010-2013. Tillögur þessar hafa verið kynntar áður en ekki fengið undirtektir að hálfu fyrri stjórnvalda, rétt þykir því að kanna vilja nýrra stjórnvalda til þeirra.

- Skattaleg ívilnun til fólks og fyrirtækja með tilliti til búsetu. Tillaga af þessu tagi hefur lítt fengist rædd á undanförunum árum. Telja verður mikilvægt að ný ríkisstjórn taki málið upp til umræðu og fjalli um það á vettvangi byggðaaætlunar. Framkvæmd mála af þessu tagi þekkist um allan heim, en hefur ekki fengið brautargengi hér á landi nema í formi sérlaga um stóriðju og nú með tillögu varðandi aðra erlenda fjárfestingu.
- Námslán, ívilnun í greiðslu vaxta og afborgana námslána í ákveðinn tíma, hefur reynst vel í Noregi til að fá ungt fólk til að setjast að utan stærstu þéttbýlissvæðanna. Slík aðgerð hefur áhrif á aldursamsetningu, hækkun menntunarstígs og getur auðveldað ungu fólki að hefja atvinnurekstur.
- Almenningssamgöngur, með bættum samgöngum hafa vinnu og þjónustusvæði stækkað. Ríki, sveitarfélög og atvinnulíf hafa nýtt sér þessar úrbætur til að hagræða í rekstri s.s. með fækkun starfsstöðva. Þessari þróun hefur ekki verið fylgt eftir með eflingu almenningssamgagna, fremur er treyst á einkabil. Hækkun gjalda á rekstur bifreiða leggst því með fullum þunga á þá íbúa sem sækja vinnu og þjónustu um langan veg. Við þessu þarf að bregðast með eflingu almenningssamgana og nægir hér að vísa til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar í þeim efnum. Önnur aðferð er að nýta skattkerfið til að jafna þann kostnað sem fellur á landsmenn eftir val þeirra á búsetu hverju sinni.
- Jöfnun flutningskostnaðar. Álagning virðisaukaskatts á flutning hráefnis og afurða framleiðslufyrirtækja skekkir samkeppnistöðu þeirra gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Úttekt á þessum málafllokki hefur legið fyrir um langan tíma auk tillögugerðar á miðju ári 2008. Í annan stað býr hluti landsmanna við vegakerfi sem er áratugum á eftir í uppbyggingu miðað við önnur landssvæði. Þar til úrbótum er lokið verður að jafna þennan aðstöðumun sem felst í auknum kostnaði við flutninga s.s. vetrarfærð, þungatakmarkanir og slit á ökutækjum.
- Fjölgun opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðis. Byggðaaætlun er gott tæki fyrir stjórnvöld til að setja sér ný markmið í þessu verkefni. Nokkur ráðuneyti hafa náð góðum árangri og ber að hafa það til fyrirmyndar.

Ísafirði 28. maí 2010

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2644
komudagur 2.6.2010

2.6.2010

Góðan daginn

Sendi hér í framhaldi af umsögn SSA greinargerð bæjarráðs Fljótshálsa sem samþykkt var á fundi þess þann 25. nóvember 2009

Þar voru samþykktar meðfylgjandi athugasemdir við *Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi BYGGÐAÁÆTLUN – Sóknaráætlun í atvinnumálum 2010-2013 með fylgiriti um ástand og horfur í byggðaðróun*, sem dagsett er 6. nóvember 2009.

Kv. Stefán Bragason
Skrifst.stj.
Fljótshálsa

Egilsstaðir 25. nóvember 2009

Byggðastofnun
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur

Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 25. nóvember 2009, voru samþykktar eftirfarandi athugasemdir við *Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi BYGGÐAÁÆTLUN – Sóknaráætlun í atvinnumálum 2010-2013 með fylgiriti um ástand og horfur í byggðaðróun*, sem dagsett er 6. nóvember 2009.

Byggðaáætlun og stefna Fljótsdalshéraðs

Mörg góð og mikilvæg verkefni má finna í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun. Það er líka mikill samhljómur á milli tillögunnar að byggðaáætlun og stefnu Fljótsdalshéraðs, sem fylgir hér með, en stefna sveitarfélagsins byggir á fjórum meginstöðum sem eru þekking, þjónusta, velferð og umhverfi. Í stefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að efla eigi sveitarfélagið sem framsækið þekkingardrifið samfélag. Ein af lykilframkvæmdunum til að stuðla að því er uppbygging þekkingarseturs og staðbundins háskólanáms á Egilsstöðum. Til að ná þessu fram hefur Fljótsdalshérað lagt mikla orku og töluverða fjármuni í uppbyggingu þekkingarseturs sem í dag ber heitið Vísindagarðurinn ehf. En húsnæði Vísindagarðsins er hlutafélagseigu ríkisins og Fljótsdalshéraðs, með smávægilegri hlutafjáreign aðila að garðinum. Fljótsdalshérað hefur einnig stuðlað að stofnun og fjármagnar að hluta Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, sem staðsett er á Egilsstöðum. Þá hefur sveitarfélagið lagt mikla áherslu á uppbyggingu staðbundins háskólanáms, s.s. með gerð skýrslna um málið í samstarfi við háskóla og eins og sjá má á bókunum SSA um málið.

Annað mikilvægt atriði í stefnu Fljótsdalshéraðs, sem fellur vel að tillögum til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun, er sú stefna sveitarfélagsins að vera miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi og eitt af öflugustu kjarnasvæðum á landinu. En m.a. með uppbyggingu miðbæjar á Egilsstöðum vill sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að bæta þjónustu og lífsgæði íbúa á Austurlandi öllu.

Áherslan á umhverfismál, sjálfbæra þróun og nýsköpun er einnig sterk í stefnu Fljótsdalshéraðs sem er í samhljómi við meginmarkmið byggðaáætlunar.

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun

Kaflar þingsályktunarinnar eru áhugaverðir og lýsa allir mikilvægum þáttum til stuðnings byggð og atvinnulífi. Ánægjulegt er að sjá þá áherslu sem lögð er í mikilvægi ferðaþjónustunnar. Athygli vekur hins vegar að ekkert er fjallað um samgöngur eða almenningsamgöngur í ályktuninni. Ekki er heldur fjallað um mikilvægar atvinnugreinar eins og landbúnað, sjávarútveg, verslun og þjónustu, eins og eðlilegt væri í stefnumótandi byggðaáætlun þar sem tillögur væru heildstæðar og samþættar. Eðlilegt er einnig að byggðaáætlunin næði til opinberrar þjónustu og aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að henni. Sérstaklega er stefna í þessum málum mikilvæg nú í ljósi umræðu og aðgerða sem leitt hafa til niðurskurðar og þjónustuskerðingar ríkisins á landsbyggðinni og þeirra áhrifa sem það getur haft á framtíðaruppbyggingu og þróun svæðanna. Óskipulegar og illa ígrundaðar aðgerðir á þessu sviði, við núverandi tímabundnar efnahagsaðstæður, munu fyrst og fremst færa umsvif og þjónustu frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Einstök verkefni þingsályktunarinnar bera þess enn einu sinni merki að í allt of mörgum tilvikum eigi að skoða einhver tiltekin mál, móta og greina eitthvað eða kanna. Eðlilegt er að í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun væri nákvæmar kveðið að orði og mun oftast tekið fram hvar og með hvaða hætti byggja skuli ákveðin verkefni upp. Í mörgum tilvikum eiga að liggja fyrir upplýsingar og skilningur á aðstæðum þannig að slíkt ætti að vera hægt nú þegar. Hætta er á, eins og dæmin sanna þegar litið er til fyrri byggðaáætlana, að undan fjari annars ágætum markmiðum og verkefnum og þau skili í reynd engum eða litlum árangri.

Deila má um árangur fyrri byggðaáætlana og raunverulegan vilja framkvæmdavaldsins eða stofnana ríkisins til aðgerða í samræmi við áætlanirnar. Skýrari áherslur í einstökum verkefnum byggðaáætlunarinnar, eins og hér að ofan er greint, myndu hjálpa þar til. Það er hins vegar ósk Fljótshéraðs að raunverulegar og kraftmiklar aðgerðir fylgi í kjölfar þessarar byggðaáætlunar og lýsir sveitarfélagið sig reiðubúið til samstarfs við ríkisvaldið og aðra aðila, í samræmi við þau drög sem hér eru um stefnumótandi byggðaáætlun og þær athugasemdir bæjarráðs Fljótshéraðs sem fram koma í þessari greinargerð.

Umsagnir um einstök verkefni:

Atvinnustefna

1. Samkeppnishæfni og klasar

Tekið er undir mikilvægi þessa verkefnis.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna

Tekið er undir mikilvægi þessa verkefnis.

3. Efling landshluta- og héraðskjarna

Hér er um mikilvæga tillögu að ræða sem reyndar hefur áður sést í byggðaáætlun án þess að sérstaklega hafi verið unnið með hana. Fljótshérað hefur sett sér þá stefnu að vera miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi og eitt af öflugustu kjarnasvæðum á landinu. Þetta hefur að undanfögnu m.a. komið fram með uppbyggingu miðbæjar á Egilsstöðum, en þannig vill sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að bæta þjónustu og lífsgæði íbúa á Austurlandi öllu. Ástæður þess að Egilsstaðir/Fellabær eru eðlilegur kostur sem héraðskjarni eru þær helstar að staðurinn liggur vel við samgöngum innan fjórðungs og við höfuðborgarsvæðið, Egilsstaðir/Fellabær er langstærsti þéttbýliskjarninn á Austurlandi, þar er saman komin helsta stoðþjónusta atvinnulífsins og þar má finna helstu

menntastofnanir svæðisins. Kannanir sýna jafnframt að þangað sækir stór hluti íbúa á Austurlandi verslun- og þjónustu. En í könnun sem Land-rád sf vann fyrir samgönguyfirvöld 2004-2006 kemur m.a. fram að „sterka stöðu Egilsstaða sem landshlutamiðstöðvar má m.a. sjá af því að tæpur helmingur fólks búsett á svæðinu frá Langanesi til og með Hornafirði kaupir um helming allrar matvöru á Egilsstöðum og fjórðung af ýmis konar sérvöru“. Einnig að „Egilsstaðir koma út sem, sterkur landshlutakjarni, því 92% nefna hann og 9% Fjarðabyggð.“

Í stað þess að verkefnið í tillögunni að byggðaaætlun kveði á um að kannað verði hvort efla megi kjarna svæðanna, þá leggur Fljótsdalshéraðs til að kjarnarnir verði tilgreindir um leið og fram komi með hvaða hætti mætti efla þá. Egilsstaðir/Fellabær er og hefur verið landshluta- og héraðskjarni til nokkurra ára. Hann hefur verið að eflast sem slíkur og hefur einn byggðakjarna á Austurlandi möguleika til að standa undir slíku hlutverki.

4. **Iðn- og orkugarðar – Efnaverkfræðiklasi**
Sjá umfjöllun hér síðar
5. **Efling líftækni**
Sjá umfjöllun hér síðar
6. **Veiðarfæra og veiðitæknirannsóknir**
Sjá umfjöllun hér síðar
7. **Fiskeldi**
Sjá umfjöllun hér fyrir neðan

Verkefnum númer 4 – 7 er fagnað. Litið er á þau sem mikilvægar tillögur um nútímalega uppbyggingu þar sem saman geta farið rannsóknir og uppbygging sérþekkingar og atvinnusköpun á landsbyggðinni. Verkefnið líða hins vegar fyrir það að ekki er með skýrum hætti tilgreint hvar á landsbyggðinni starfsstöðvar skuli vera. Með því mætti eyða tortryggni, spara tíma og gefa þeim sem nú þegar hafa unnið að þessum og sambærilegum verkefnum, í langan tíma, tækifæri og styrk til að eflast í samræmi við stefnu ríkisvaldsins.

Fljótsdalshérað óskar eftir samstarfi við ríkisvaldið og opinberar vísinda- og stoðstofnanir um uppbyggingu Vísindagarðsins ehf á Egilsstöðum, og þá sérstaklega sérsvið hans. Nú er verið að ljúka mótun stefnu fyrir Vísindagarðinn og er ljóst að verið er að horfa til nokkurra þátta á sviði umhverfismála sem sérsvið garðsins. Má þar m.a. nefna náttúru- og landnýtingu, orkutengd mál (ekki síst með áherslu á óhefðbundnar orkuuppsprettur) og sjálfbæra þróun og atvinnusköpun. Lagt er til að bætt verði við verkefni, í kaflann um Atvinnustefnu, sem hafi það markmið að efla rannsóknir, þekkingaröflun og nýsköpun á ofangreindu sviðum.

Sjá jafnframt athugasemdir við verkefni nr. 14.

Sambætting áætlana og aukið samstarf

8. **Sambætting opinberra áætlana**
Verkefni þetta er afar mikilvægt og er því fagnað.

9. Stuðningur við ráðgjöf ESB á umsóknartíma

Leggja þarf áherslu á kynningu á málinu og tækifærum sem í þessu kunna að felast. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir kostnaðarsamri aðstoð við þá sem vilja nýta sér þau.

10. Fjölbjóðlegt samstarf

11. Tölfræðileg gögn um byggðapróun

Aðgengi að upplýsingum um búsetu- og atvinnutengda þætti er mjög slæmt á Íslandi og oft verið að vinna með gömul gögn á því sviði. Úr þessu þarf að bæta hið fyrsta. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum, var stofnað fyrir nokkru. Meginhlutverk setursins er rannsóknir á þróun samfélags og menningar á Austurlandi í staðbundnu og alþjóðlegu samhengi. Er kastljósinu fyrst og fremst beint að byggða- og atvinnuþróun, en framarlega á sviði standa einnig rannsóknir á afleiðingum samfélags- og skipulagsbreytinga fyrir íbúa svæðisins, afkomu þeirra og líðan almennt.

Fljótsdalshérað leggur til að Rannsókn- og fræðasetri HÍ á Egilsstöðum verði fallin vinna á því sviði sem verkefnið kveður á um, þ.e. til dæmis söfnun og úrvinnslu gagna um byggða- og atvinnuþróun.

Efning stoðkerfis atvinnulífsins

12. Skilvirkara stoðkerfi

Tekið er undir mikilvægi þess að styrkja og samhæfa stoðkerfið og að lögð verði áhersla á að stoðkerfið verði einn af burðarásam samstarfs í þekkingarsetrum. Á Austurlandi er nú þegar hafin vinna sem miðar að þessu.

Með þeim vettvangi sem Vísindagarðurinn er (sjá umfjöllun um Vísindagarðinn í athugasemd við verkefni nr. 14), þ.e. með sameiginlegu húsnæði þeirrar stoðþjónustu sem er á Egilsstöðum og þjónar Austurlandi öllu, og skipulögðu samstarfi stofnananna, mun verða til mikil deigla og kraftur sem efla mun starfsemina enn frekar. Tillagan um skilvirkara stoðkerfi og rímar því vel við þann tilgang sem Vísindagarðurinn hefur. Eðlilegt er að tekið sé mið af starfsemi Vísindagarðsins ehf við endurskoðun á skipulagi stoðkerfisins á Austurlandi.

13. Þróun og styrking vaxtarsamninga

Hugmyndin um vaxtarsamninga er áhugaverð þegar vel tekst til. Hugmyndin um samstarf og klasa er mikilvæg í litlum samfélögum og enn meiri tenging vaxtarsamninga við rannsóknir og nýsköpun í gegnum þekkingarsetur er skynsamleg.

14. Efning þekkingarsetra

Þessu verkefni er fagnað sem einu af lykilverkefnum byggðaáætlunar. Frá árinu 2002 hefur verið unnið að því af stoðstofnunum og Fljótsdalshéraði að byggja upp þekkingarsetur á Egilsstöðum. Það var síðan formlega stofnað 2007 undir heitinu Vísindagarðurinn ehf.

Vísindagarðurinn ehf, á Egilsstöðum, fellur vel að þeim markmiðum sem verkefni byggðaáætlunarinnar gerir grein fyrir. Aðilar að Vísindagarðinum eru: Þróunarfélag Austurlands, Markaðsstofa Austurlands, Búnaðarsamband Austurlands, Þekkingarnet Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Héraðs- og Austurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Landgræðslan, Rannsókn- og fræðasetur HÍ á Austurlandi, Náttúrustofa

Austurlands, Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi, Umhverfisstofnun ofl. Framkvæmdastjóri Vísindagarðsins er Pétur Bjarnason. Húsnæði Vísindagarðsins er, samkvæmt samningi, í sameiginlegri eign ríkisins og sveitarfélagsins. Aðsetur er á Vonarlandi, Egilsstöðum.

Fljótsdalshérað leggur til að í byggðaáætlun verði gert ráð fyrir stuðningi við uppbyggingu og starfsemi Vísindagarðsins ehf sem miðstöð rannsókn-, staðbundins háskólanáms og nýsköpunarstarfs.

Þá verði gert ráð fyrir stuðningi við uppbyggingu staðbundins háskólanáms á Egilsstöðum. Ýmis form geta verið á „stofnun“ sem héldi utan um staðbundið háskólanám. Um þessar mundir er þekkingarnet Austurlands að ljúka tillögugerð fyrir Vísindagarðinn ehf um meistaranám á sviði umhverfis- og þjóðgarðastjórnunar sem hefði meginstarfsstöð á Egilsstöðum en byggði jafnframt á samstarfi við háskóla. Slíkt nám fellur vel að þeim sérsviðum nú er verið að móta í stefnu fyrir Vísindagarðinn og gerð er grein fyrir í athugasemdum við verkefni nr. 4 – 7. Þó svo mikilvægt sé að byggja upp viðamikið kerfi fjarnáms á Íslandi, sem nýst geti landsbyggðinni, er einnig afar brýnt að til verði á Austurlandi stofnun sem byggi á akademískum grunni þar sem vaxi upp mannauður og reynsla heima í héraði. En alvarlegt er hversu hægt gengur að byggja upp eða halda sérfræðilegri þekkingu á svæðinu. Reynslan sýnir að það gerist best með samspili eða deiglu háskólastofnana, rannsóknaaðila og atvinnulífs. Afar mikilvægt er að á Austurlandi verði til sterk stofnun á þessu sviði sem mun hafa mikil áhrif á hraða uppbyggingar þekkingarsamfélags á svæðinu öllu. Vísindagarðurinn og staðbundið háskólanám („svæðisháskóli“) eiga að geta verið burðarásar í þeirri uppbyggingu.

Fljótsdalshérað sem sveitarfélag leggur áherslu á mikilvægi uppbyggingar menntunar, rannsókna og nýsköpunarstarfs á landsbyggðinni og hefur undanfarið lagt verulega fjármuni til að styðja við þá þróun, s.s. með fjárframlögum til Vísindagarðsins, Fræðaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum og fleiri stofnana og verkefna á þessu sviði. Sveitarfélagið hefur sett sér þá stefnu að „efla sveitarfélagið sem framsækið þekkingardrifið samfélag þar sem verðmætasköpun og vöxtur byggir á markvissri hagnýtingu og miðlun reynslu og þekkingar hjá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum“ ... og að „sveitarfélagið verði ávallt meðal þriggja öflugustu þekkingarsvæða á landinu. Mikilvægur liður í því er uppbygging þekkingarseturs og háskóla á Egilsstöðum þar sem gert er ráð fyrir öflugri þekkingarstarfi og samþættingu rannsóknarstarfsemi, háskólamenntunar og nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs“, eins og segir í stefnu Fljótsdalshéraðs.

Ástæður þess að Egilsstaðir eru heppilegur kostur þessarar uppbyggingar eru þær helstar auk þeirra framsæknu markmiða sem sveitarfélagið hefur sett sér, að

- staðurinn liggur vel við samgöngum innan fjórðungs og við höfuðborgarsvæðið,
- Egilsstaðir/Fellabær er stærsti þéttbýliskjarninn á Austurlandi,
- kannanir sýna að þangað sækir stór hluti íbúa á Austurlandi verslun- og þjónustu,
- þar eru tveir framhaldsskólar,
- þar er hafin uppbygging þekkingarseturs (Vísindagarðsins ehf) sem hýsir og er samstarfsvettvangur ýmissa rannsókna-, þjónustu og þróunarstofnana,
- þar er nú þegar aðaskrifstofa þekkingarnets Austurlands og háskólanámssetur.

Nýsköpun og sprotafyrirtæki

15. Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar

Lýst er stuðningi við þá meginhugsun að endurgreiða rannsóknar- og þróunarkostnað til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

16. Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri

Vakin er athygli á að þetta er eina eða eitt af mjög fáum verkefnum þar sem staðsetning þess er tilgreind. Eins og fram hefur komið annars staðar í þessum athugasemdum þarf það að vera regla frekar en undantekning í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun að tilgreina staðsetningu verkefna, s.s. í þeim tilvikum þegar fjallað er um landshluta- og byggðakjarna, þekkingarsetur, uppbyggingu sérhæfðra garða osfr.

17. Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema

Lýst er yfir ánægju með þá hugmynd að stofna nýsköpunarsjóð framhaldsskólanema. Það vekur hins vegar athygli hvers vegna þörf er á að binda slíkan sjóð við verknámsaðstöðu framhaldsskóla. Hvatning og stuðningur til nýsköpunar meðal ungs fólks ætti ekki að vera bundin við slíka afmörkun.

18. Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum

Tillagan er áhugaverð og í samræmi við stefnu Fljótshéraðs

19. Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju- og jarðvarmaverum

20. Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar

Verkefnið er áhugavert. Vakin er athygli á að nýlega var tekin í notkun viðarkyndistöð á Hallormsstað sem nú kyndir helstu stofnanir á svæðinu. Einnig er bent á að verkefnið um vistvæna orkuöflun fellur ágætlega að því sérsviði sem nú er að mótast í stefnu fyrir Vísindagarðinn og gerð er grein fyrir í athugasemdum við verkefni nr. 4 – 7.

Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu

21. Rammalöggjöf um ívilnanir

22. Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar

Efling ferðabjónustu

23. Nýsköpun og vörubrúun í ferðabjónustu tengd heilsu, lífsstíl, ráðstefnum og menningu

Ítrekuð er ánægja með áherslu sem lögð er á ferðabjónustu í tillögu að byggðaaætlun. Greinin hefur hingað til ekki haft þann sess í stjórnsýslu ríkisins eða í stoðkerfi atvinnuveganna sem henni bæri að hafa miðað við umfang. Rannsóknir og greining er mikilvæg forsenda þess að vel takist til með atvinnuuppbyggingu. Eins og áður hefur komið fram í þessum athugasemdum við tillögu að byggðaaætlun eru verkefni áætlunarinnar hins vegar of mörg því marki brennd að vera á sviði greiningar og kannana, í stað þess að þau séu til þess ætluð að aðstoða þá til að byggja upp sem tilbúnir eru með verkefnin en vantar herslumuninn eða stuðninginn. Aðstæður á Fljótshéraði og á Austurlandi eru vel til þess fallnar að fjórðungurinn fái leiðtogahlutverk á þessu sviði.

Fljótshérað leggur til að yfirstjórn ferðamála verði staðsett á Egilsstöðum. Lagt er til að ráðneyti ferðamála eða sá hluti iðnaðarráðuneytisins sem fer með málaflokkinn sem og ferðamálastofa eða væntanleg Íslandsstofa verði staðsett á Egilsstöðum.

24. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu

25. Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu

Lýst er stuðningi við verkefnið. Það fellur ágætlega að þeim áherslum sem nú eru að mótast í stefnu fyrir Vísindagarðinn og sjá má í athugasemdum við verkefni nr. 4 – 7 í greinargerð þessari. Fljótshérað leggur til að Vísindagarðinum á Egilsstöðum og stofnunum sem aðilar eru að honum, verði falið þetta verkefni. Það myndi styrkja Vísindagarðinn í því uppbyggingarferli sem hann er. Það á einnig heima í landstærsta sveitarfélagi landsins, sem á verulegt land inn á hálendið og hefur hluta Vatnajökulsþjóðgarðs innan sinna marka.

26. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu

27. Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða

Verkefnið er mikilvægt sem liður í því að efla ferðaþjónustu og dreifa ferðalöngum um allt landið.

28. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum

Tekið er undir mikilvægi þess að stuðla að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi. Einn liðurinn í því er að gera aðilum auðveldara að nýta staðbundið hráefni landbúnaðarafurða til þróunar og sölu t.d. með bættu regluverki, sérfræðiaðstoð og beinum þróunar- og markaðsstuðningi. Mikilvægt er að aðilum heima í héraði verði gert kleyft að hafa forystu í þessum málum.

Félagsauður

29. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga

Tímabært er að rannsókn sem verkefnið kveður á um verði gerð. Rannsóknir á búsetuþróun eiga það sammerkt með tölfræðilegum gögnum um byggðapróun, eins og fram kemur í athugasemdum með verkefni nr. 11, að af hvoru tveggja er óheppilegur skortur á Íslandi.

Rannsóknna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum, var stofnað fyrir nokkru. Meginhlutverk setursins er rannsóknir á þróun samfélags og menningar á Austurlandi í staðbundnu og alþjóðlegu samhengi. Er kastljósinu fyrst og fremst beint að byggða- og atvinnuþróun, en framarlega á sviði standa einnig rannsóknir á afleiðingum samfélags- og skipulagsbreytinga fyrir íbúa svæðisins, afkomu þeirra og líðan almennt.

Fljótshérað leggur til að Rannsóknna- og fræðasetur HÍ á Egilsstöðum verði einn af þeim aðilum sem falið verði að vinna að þessari rannsókn.

30. Bætt aðgengi að menntun

Tekið er undir mikilvægi þessa verkefnis. Ljóst er að starfsemi símenntunar- og fræðslumiðstöðva víða um land hefur haft mjög mikil og jákvæð áhrif. Þekkingarnet

Austurlands hefur verið þar framarlega í flokki þegar kemur að því að bjóða upp á sí- og endurmenntunarnámskeið og dreifingu fjarnáms á háskólastigi.

Fljótsdalshérað hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að auk áherslna á fjarnám verði jafnframt byggt upp staðbundið háskólanám á Egilsstöðum. Ýmis form geta verið á „stofnun“ sem héldi utan um staðbundið háskólanám. Um þessar mundir er þekkingarnet Austurlands að ljúka tillögugerð fyrir Vísindagarðinn ehf um meistaranám á sviði umhverfis- og þjóðgarðastjórnunar, sem hefði meginstarfsstöð á Egilsstöðum en byggði jafnframt á samstarfi við háskóla. Slíkt nám fellur vel að þeim sérsviðum sem nú er verið að móta í stefnu fyrir Vísindagarðinn og gerð er grein fyrir í athugasemdum við verkefni nr. 4 – 7. Þó svo mikilvægt sé að byggja upp viðamikið kerfi fjarnáms á Íslandi, sem nýst geti landsbyggðinni, telur Fljótsdalshérað einnig afar brýnt að til verði á Egilsstöðum stofnun sem byggi á akademískum grunni og leggi áherslu á staðbundna háskólanámsuppbyggingu. Reynslan sýnir að efling menntunar og þekkingar með þessum hætti gerist best með samspili eða deiglu háskólafstofnana, rannsóknaaðila og atvinnulífs. Afar mikilvægt er að á Austurlandi verði til sterk stofnun á þessu sviði sem mun án efa hafa mikil áhrif á hraða uppbyggingar þekkingarsamfélags á svæðinu öllu. Fljótsdalshérað óskar eftir stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu á slíkri stofnun („svæðisháskóli“) og leggur til að gerð verði grein fyrir henni í byggðaáætlun. Vísindagarðurinn og fleiri aðilar eiga að geta verið burðarásar í þeirri uppbyggingu.

31. Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar

Tekið er undir mikilvægi þess að rannsaka og útrýma óskilgreindum kynbundnum launamun.


32. Skapandi greinar og listnám

Tekið er undir mikilvægi stuðnings við listnám og þróun skapandi greina. Hvoru tveggja er í samræmi við stefnu Fljótsdalshéraðs. Vakin er athygli á því að Fljótsdalshérað hefur tekið ákvörðun um stofnun listaskóla á grunni tónlistarskóla í sveitarfélaginu.

Varað er við því að hrófla við því formi sem verið hefur á skipulagi menningarsamninga milli ríkis og sveitarfélaga. Góður og mikilvægur árangur hefur orðið af starfi sem Menningarráð Austurlands hefur innt af hendi á grundvelli menningarsamninganna. Varhugavert er að breyta þessu starfi nema að vel ígrunduðu máli og þá í samstarfi við heimaaðila.

Vakin er athygli á því að ekkert er fjallað um eflingu félagsstarfs eins og starfsemi iþróttafélaga, menningarfélaga ýmis konar, björgunarsveita o.fl., í tillögum til byggðaáætlunar. Lagt er til að skilgreint verði sérstakt verkefni um slíka starfsemi enda er hún mikilvægur stuðningur við eflingu félagsauðs svæðanna.

Fyrir hönd bæjarráðs Fljótsdalshéraðs,



Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/2623
komudagur 1.6.2010

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tilögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 - 2013, þskj. 910 - 521. mál**

Með bréfi iðnaðarnefndar, dags. 4. maí 2010, barst Landsvirkjun til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 - 2013, þskj. 910 - 521. mál, lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 - 2010.

Landsvirkjun hefur farið yfir þingsályktunartillöguna og gerir ekki efnislegar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2516
komudagur 25.5.2010

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. maí 2010
2010050005/42-1-1
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2010 – 2013, 521. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun, 2010-2013, 521. mál.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun er vísað til þess að hún verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta (tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.) sem er í vinnslu í víðtæku samráði hagsmunaaðila og byggist m.a. á samþættingu ýmissa opinberra áætlana. Náttúrufræðistofnun Íslands gaf umsögn um sóknaráætlunina og var þar bent á nokkur verkefni, sjá hér fyrir neðan, sem falla vel að nýsköpun og atvinnuþróun og eru til þess fallin að auka menntun og styðja við umhverfismál. Verkefnin eru einnig þess eðlis að þau þarf að vinna út um allt land en góð samræming vinnu við þau er nauðsynleg.

- Fjármagni verði veitt til að ljúka gerð gróður- og vistgerðakorta af Íslandi, af þurrlendi, ferskvatni og grunnsævi umhverfis landið, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni*. Vistgerðir eru undirstöðueining í evrópskri samvinnu um skráningu og vernd náttúrunnar. Markmiðið með vistgerðaflokkun lands er að skapa grunn fyrir vöktun náttúru, skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja, svo og að draga úr kostnaði þjóðfélagsins af framkvæmd laga um umhverfismál. Gerð gróður- og vistgerðakorta af landinu hefði verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög og framkvæmdaðila yfirleitt. Kortin myndu flýta og bæta gerð skipulagsáætlana, umhverfismats áætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og auðvelda alla ákvarðanatöku um landnotkun. Kortin myndu nýtast við innleiðingu Evróputilskipana s.s. vatnatilskipunar, tilskipunar um umhverfisábyrgð og náttúruverndartilskipunar, komi til þeirra.
- Tryggja þarf fjármagn til að gera heildstæða vöktunaráætlun yfir lykilþætti líffræðilegrar fjölbreytni á þurrlendi, í ferskvatni og hafinu umhverfis landið og hrinda henni í framkvæmd, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni*. Þörf er fyrir slíka áætlun svo unnt sé að fylgjast með þróun helstu þátta í lífríki landsins og grípa til verndaraðgerða ef þörf reynist.



- Vöktun á lífríki Íslands í dag svarar ekki þessum spurningum nema að takmörkuðu leiti.
- Styrkja þarf allan upplýsingagrunn um jarðfræði, lífríki og landslag og bæta verulega aðgengi almennings og fyrirtækja að upplýsingum. Þetta er sjálfsagður þáttur í því að birta það sem fjallað er um hér að framan en oft gleymist að þetta krefst sérhæfðrar tæknilegrar vinnu og nýsköpunar á sviði framsetningu gagna og fræðslu. Verið er að huga að því að innleiða „INSPIRE“ tilskipun á Íslandi sem m.a. gerir það að verkum, ef rétt er á haldið, að umhverfisskýrslur og öflun gagna verður aðgengilegri og notkun ódýrari.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson





Umsögn um byggðaáætlun

Við framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar 2010-2013 er mikilvægt að horft sé til aðgerða sem styðja við nýsköpun í atvinnulífi. Nýsköpun er forsenda vaxtar og hagsældar og því er brýnt að ríkisvaldið beiti markvissum aðgerðum í gegnum þær stofnanir sem hafa það hlutverk að efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og styðja sprotafyrirtæki og frumkvöðla í atvinnuskapandi verkefnum um land allt. Í þessu samhengi ber að fagna sérstaklega áherslum byggðaáætlunar 2010-2013 er varða klasa og þekkingarsetur sem drifkrafta nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Rannsóknir og reynsla um allan heim sýna að uppspretta nýsköpunar er sífellt í þróun og einkenni hennar breytast frá einum tíma til annars. Undanfarin ár hafa fjórir meginstraumar verið sterkasta hreyfiafl nýsköpunar;

1. Verðmætasköpun í samstarfi við viðskiptavinum og þekking á notendum hefur reynst dýrmæt uppspretta nýsköpunar sem leitast er við að virkja með bestum hætti.
2. Samstarf fyrirtækjaneta og klasa hefur síðasta áratuginn verið þungamiðjan í nýsköpun og auknum sóknarfærum klasasamstarfs hefur verið sífellt meiri gaumur gefinn.
3. Hnattræn vandamál og áskoranir hafa knúið á um að lausna sé leitað við afar brýnum úrlausnarefnum sem blasa við öllum jarðarbúum.
4. Auk þessa standa ríkisstjórnir og opinberir aðilar um allan heim frammi fyrir fjölmörgum viðfangsefnum sem kalla á nýjar lausnir. Orku- og umhverfismál, heilbrigðismál og hækkandi aldur kynslóða eru dæmi um slík aðsteðjandi úrlausnarefni.

Þessi dæmi eru til marks um mikilvægi þess að nýsköpun sé tekin föstum tókum og markvissri stefnu fylgt í tengslum við framkvæmd byggðaáætlunar. Við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar er mikilvægt að hafa það hugfast að víða um heim hafa ríkisstjórnir samtvinnað vinnu byggðaáætlana (e. regional policy) við mótun nýsköpunaráætlunar (e. innovation policy). Því ber að fagna samþættingu byggðaáætlunar við aðgerðir á sviði nýsköpunar og þróunar.

Þau tæki og tól sem almennt eru notuð við framkvæmd nýsköpunaráætlunar eiga ekki síður við þegar kemur að atvinnuþróun og byggðamálum. Því er mikilvægt að stjórnvöld taki ákvarðanir sem byggja á upplýsingum um forsendur og tækifæri til nýsköpunar á landsbyggðinni. Að sama skapi er mikilvægt að horft sé til aðstæðna og þarfa atvinnulífsins á hverjum tíma svo inngrip og stuðningur ríkisvaldsins skili sem bestum árangri. Til að svo megi verða er mikilvægt að fylgst sé með stöðu og þróun nýsköpunar á landinu og markviss



samanburður gerður við þau lönd sem Íslendingar vilja bera sig saman við. Lykilatriði er að ljóst sé hvaða upplýsingar liggja til grundvallar ráðstöfun opinbers fjármagns og hvaða þarfir eigi að uppfylla. Með skýrum markmiðum opinbers stuðnings og markvissu eftirliti með þróun lykilstærða í byggðapróun og nýsköpun getur Ísland skipað sér í fremstu röð.

Stór tækifæri til nýsköpunar og þróunar er að finna meðal sprotafyrirtækja og starfandi fyrirtækja sem hafa getu til að vinna að og nýta sér rannsókn- og þróunarstarf og hafa möguleika til að breyta árherslum í rekstri og framboði á vörum og þjónustu.

Æskilegt er að byggja á slíkri vinnu til að auka framboð á vörum og þjónustu og nýta tækifæri til útflutnings. Sérstaklega þarf að horfa til stuðningsaðgerða sem hafa það markmið að hvetja til þróunar nýrra vara og þjónustu, endurbættra ferla eða sókn á nýja markaði þar sem fjárhagslegur stuðningur og ráðgjöf getur verið framlag ríkisins. Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur undanfarin ár stutt markvisst við eflingu sprotafyrirtækja og nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum með margskonar hætti. Nægir þar að benda á þau fjölmörgu stuðningsverkefni sem Impra á Nýsköpunarmiðstöð býður upp á, auk ráðgjafar sérfræðinga stofnunarinnar sem hafa byggt upp mikla þekkingu og reynslu á þessum sviðum. Einnig hefur sérstaklega verið horft til frumkvöðla og sérstök aðstoð veitt þeim sem hafa hug á að stofna eigið fyrirtæki eða vilja efla rekstur.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð hefur á undanförunum árum náð framúrskarandi árangri í rekstri stuðningsverkefna meðal fyrirtækja og frumkvöðla. Árangurskönnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var nú í ársbyrjun 2010 sýnir eftirfarandi niðurstöður:

- **Betri árangur í rekstri** - 72% allra þátttakenda í stuðningsverkefnum Impru telja að verkefnið hafi stuðlað að betri árangri í rekstri. Í einstaka stuðningsverkefnum er hlutfallið á bilinu 80% – 86%
- **Nýjar vörur og þjónusta á markað** - 55% aðspurðra sögðu að verkefnið hefði nú þegar leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað og 46% sögðu að ný vara eða þjónusta yrði sett á markað innan tveggja ára í kjölfar verkefnisins.
- **Aukin þekking á stofnun og rekstri fyrirtækja** - Í könnuninni sögðu 86% þátttakenda að verkefnið hefði leitt til aukinnar þekkingar á stofnun og rekstri fyrirtækja.
- **Gerð viðskiptaáætlunar eða hagkvæmnisathugunar** - Alls sögðu 71% þátttakenda að verkefnið hefði þegar skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar eða hagkvæmnisathugunar. Hlutfallið var 89% þátttakenda í verkefninu „Framtaki,“ 83% í „Krásam,“ 77% í „Frumkvöðlastuðningi“ og 69% í „Átaki til atvinnusköpunar“ svo dæmi séu nefnd.
- **Aukin gæði í framleiðslu eða þjónustu** - 66% aðspurðra sögðu að verkefnið hefði leitt til aukinna gæða í framleiðslu og þjónustu. 88% þátttakenda í verkefninu „Gáttum,“ 86% í „Klössum,“ 78% í „Sóknarfæri“ og 74% í „Skrefi framar“ töldu að verkefnið hefði aukið gæði.



- **Aukin velta fyrirtækja 58% þátttakenda sögðu að verkefnið hefði átt þátt í að auka veltu fyrirtækis síns. Þá töldu 76% svarenda að þátttaka í verkefninu ætti eftir að auka veltu á næstu 2-3 árum.**

Mikilvægt er að hið opinbera styðji við og efla markvissar aðgerðir og stuðning við uppbyggingu klasa og þekkingarsetra sem byggja á samstarfi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stoðkerfis atvinnulífsins í því skyni að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun. Horft verði til sérstöðu og styrkleika um land allt þar sem samvinna helstu hagsmunaaðila á viðkomandi sviði leiði til efnahagslegrar framþróunar byggða á nýsköpun og þróun. Flest ríki innan OECD styðja markvisst við uppbyggingu á þekkingarsetrum og klösum sem talin eru hafa jákvæð áhrif á nýsköpun og hagsæld þar sem byggt er á styrkleikum ríkjanna.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur undanfarin ár verið í leiðandi hlutverki hvað varðar sérfræðiþekkingu á klösum og uppbyggingu þeirra. Sérfræðingar Impru hafa verið í lykilhlutverki þegar kemur að ráðgjöf á sviði klasa og komið að verkefnum um allt land sem og erlendis. Klasaverkefni hérlandis hafa mörg átt stuttan líftíma því mikilvægt að styðja enn frekar við þróun þeirra með markvissum hætti og í því starfi munu sérfræðingar Impru á Nýsköpunarmiðstöð gegna lykilhlutverki.

Fh. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þorsteinn I. Sigfússon Forstjóri

Jón Hreinsson Fjármálastjóri

Bergiind Hallgrímsdóttir Framkvæmdastjóri Impru

Alþingi
Erindi nr. P /38/25//
komudagur 25.5.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. maí 2010
Tilvísun: 2010050006
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni fyrrgreindrar tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir

Í 17. kafla tillögunnar er fjallað um heildstæða áætlun um aukna hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngun. Orkustofnun vekur athygli á þeirri sérþekkingu sem stofnunin býr yfir í þessum málaflokki og leggur til að stofnuninni verði bætt við upptalninguna undir *Aðrir þátttakendur* í þeim kafla.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við tillöguna að svo stöddu.

Virðingarfyllt


Lára Ólafsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2497
komudagur 21.5.2010



Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.05.2010

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur birst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013. Fyrirtækið tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, hdl.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2417
komudagur 18.5.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10,	19. maí 2010	A-8 LÖ/bb
150 REYKJAVÍK		

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun., 2010 – 2013, 521. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við tillöguna.

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, iðnaðarnefnd
Kristín Einarsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍKReykjavík, 12. maí 2010 02-2010050174
T-ums 38/10**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013 - 521. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 4. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013 - 521. mál.

Í tillögunni kemur fram að eitt af lykilviðunum til að ná því markmiði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum sé stuðningur við nýsköpun. Fram kemur að hann eigi að vera þrenns konar; í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar og í gegnum skilgreind verkefni klasa eða áherslur opinberra aðila. Í athugasemdum með tillögunni kemur svo fram að ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar hafi það markmið að auðvelda nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknir og þróun. Ábyrgð á framkvæmdinni er hjá fjármálaráðuneytinu og Rannís og aðrir þátttakendur verði iðnaðarráðuneyti, ríkisskattstjóri og atvinnuþróunarfélög.


Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að með lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og lögum nr. 137/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, var kveðið á um ívilnanir handa nýsköpunarfyrirtækjum og þeim sem kjósa að fjárfesta í þeim. Lögin tóku gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 152/2009 skulu þau koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Ríkisskattstjóri lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í samstarfi við endurskoðun laganna eftir því sem þörf er á. Jafnframt er rétt að benda á að samstarf milli embættisins og Rannís er fyrirhugað svo að framkvæmd laganna geti orðið með sem bestum hætti.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þórðarson



Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/2471
komudagur 20.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.05.2010

0904131SA AGB
Málalykill: 180

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013 (þskj. 910 – 521. mál)

Ofangreint þingmál barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, 4. maí 2010.

Þetta er þriðja tillagan að byggðaáætlun fyrir 2010-2013 sem sambandið gefur umsögn um. Almennt telur sambandið að þessi tillaga sé sú vandaðasta af þessum þremur. Virðist sem að ýmsu leyti hafi verið tekið tillit til athugasemda sambandsins um hlutverk sveitarfélaga í byggðamálum og einstökum markmiðum og aðgerðum, sbr. fyrri umsagnir, dags. 16. apríl og 25. nóvember 2009. Telur sambandið að áherslur sveitarfélaga endurspeglar vel í kafla 2.4.5 í þskj. um svæðisbundnar þróunaráætlanir.

Sambandið telur þó þörf á að árétta eftirfarandi athugasemdir:

1. Mikilvægi þess að hlutverk sveitarfélaga og samtaka þeirra í byggðamálum verði skilgreint í lögum og þeim tryggð með lögum aukið sjálfræði og forræði á byggða- og atvinnuuppbyggingu á sínum svæðum.
2. Að í tillögum hefði þurft að víkja að stöðu höfuðborgarsvæðisins, ekki síst í ljósi gjörbreyttrar stöðu þess svæðis í kjölfar efnahagshrunsins.
3. Ekki er fjallað um hagnýtingu upplýsingatækni til að styrkja stöðu dreifbýlisins.
4. Ekki er vikið að aðgerðum til að aðstoða sveitarfélög, fyrirtæki, skóla- og rannsóknastofnanir o.fl. aðila út um landið, til að nýta sér tækifæri í evópskum og öðrum alþjóðlegum áætlunum.
5. Í nokkrum liðum eru sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög spyrnt saman sem þátttakendur í markmiðum. Eðlilegt er að hvor aðili fyrir sig sé tilgreindur sem sjálfstæður þátttakandi þar sem um aðskilda aðila er að ræða. Auk þess er rétt að landshlutasamtök sveitarfélaga séu tilgreind sem sjálfstæður þátttakandi þegar um er að ræða markmið þar sem reynir á samstarf og samstöðu þvert á sveitarfélög. Þetta á við um lið I.1 um samkeppnishæfni og klasa; lið III.11 um skilvirkara stoðkerfi og lið III.12 um þróun og styrkingu vaxtarsamninga.
6. Loks telur sambandið eðlilegt að sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra séu tilgreind sem þátttakendur í lið VII.31 um menningu, skapandi greinar og listnám.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og atþjóðasviðs



Alþingi

Erindi nr. P 138/2517

komudagur 25.5.2010

Nefndasvið Alþingis : Lönaðarnefnd.

Stefnumótandi Byggðaáætlun 2010-2013

Undirritaðir, framkvæmdastjóri SSA og framkvæmdastjóri ÞFA, fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélags Austurlands, hafa farið yfir tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013 og senda inn umbeðna eftirfarandi umsögn.

Í apríl mánuði 2009 gerðu sömu aðilar ásamt forstöðumönnum nokkurra stoðstofnana á Austurlandi umsögn við drög að þessari sömu áætlun sem þá var send út til umsagnar. Vísast m.a. til hennar og fylgir hún hér með sem fylgigagn.

Umsögn SSA og ÞFA:

Stjórn SSA hefur 17. maí sl. samþykkt svohljóðandi um fyrirliggjandi stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0910>

“Stjórn SSA telur ekki rétt að afgreiða byggðaáætlun nú þar sem fyrir liggur frá stjórnvöldum að lagðar verða fram tillögur um samþættar sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta nú í haust, auk sameiginlegrar áætlunar fyrir allt landið.

Ekki verður því séð að tillagan hafi raunverulegt gildi og byggðaáætlun í núverandi mynd óþörf þar sem sóknaráætlun er ætlað að leysa hana af hólmi.

Stjórn SSA vekur athygli á að landshlutasamtaka sveitarfélaga er vart getið í tillögunni, en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð og framkvæmd sóknaráætlunar.

Ítrekuð er skýr afstaða stjórnar SSA um að starfsemi atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga í landshlutunum verði eflid.

Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi, sem nú er unnið með í samstarfi sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi byggir á því.

Stjórn SSA vill vinsamlegast beina því til iðnaðaráðherra, sem ráðherra Byggðamála í landinu og samgöngu og sveitarstjórnaráðherra, sem yfirmanns Sveitarstjórnarmála í landinu, að ráðuneyti þeirra samræmi sínar aðgerðir í byggða og sveitarstjórnarmálum. Svo virðist sem lítið sem ekkert “samband” sé þar á milli þegar horft er til fyrirliggjandi tillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013.” (tilv. lýkur)



Til áréttingar :

Forsætisráðuneytið: Nú er unnið, undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins, að samþættri 20/20 sóknaráætlun, sem nær til alls landsins. Rík áhersla er lögð á aðkomu og þátttöku landshlutasamtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga úti í landshlutunum í þeirri vinnu. Ef sóknaráætlun landshlutanna, sem m.a. á að byggja á styrkleika og sérstöðu hvers landshluta fyrir sig, á að ná markmiði sínu eins og stefnt er að, er nauðsynlegt að heimamenn finni sig þar velkomna í þeirri vinnu og gerendur í ákvarðanatöku.

Iðnaðarráðuneytið: Stefnumótandi byggðaáætlun Iðnaðarráðuneytisins 2010-2013 gengur í öfuga átt og gerir ráð fyrir áframhaldandi miðstýringu ríkisvaldsins þar sem frumkvæði, ábyrgð og stjórnun úti í landshlutunum eru skorður settar. Hlutverk sveitarfélaganna og samtaka þeirra í framkvæmd áætlunarinnar er veikt og óljóst. Sporin hræða í þeim efnum.

Sveitarstjórnarráðuneytið: Á vegum ráðuneytis Sveitarstjórnarmála er unnið með, á landsvísu, verkefnið "Nýjar áherslur í eflingu sveitarstjórnarstigsins". Þar er m.a. unnið með að færa verkefni frá ríkisvaldinu til sveitarfélaganna og stækka sveitarfélögin. Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögin í landshlutunum hafa verið kölluð þar sérstaklega til samstarfs við ráðuneytið. Unnið er með tilraunaverkefnið " Austurland eitt sveitarfélag" í samstarfi þessara aðila. Ábyrgð og stjórn verkefnisins er í höndum heimamanna í landshlutanum með stuðningi ríkisvaldsins.

Í stefnumótun Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins ,og vinnu henni tengdri, er nú unnið sérstaklega með almenningssamgöngur . Óskað hefur verið eftir og tekið upp náið samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögin í landshlutunum í þeirri vinnu og útfærslu.

Áhersla er lögð á eftirfarandi a - h:

a) Frumatvinnugreinar, eins og sjávarútvegur og landbúnaður, hafa lítið sem ekkert vægi í Byggðaáætlun 2010-2013. Einnig má benda á að skógrækt og landshlutabundin skógræktarverkefni bænda eru vaxandi atvinnugrein á landsbyggðinni og eiga þar af leiðandi að hafa meira vægi í stefnumótandi byggðaáætlun.

b) Áhersla á erlenda fárfestingu

Mikilvægt er að slík vinna fyrir svæði sé unnin í samvinnu við sveitarfélögin og atvinnuþróunarfélögin. Einnig er mikilvægt að stefna Íslands í erlendum fjárfestingum sé skýr og gegnsæ. Nauðsynlegt er að upplýsingar um ívilnanir og skattaumhverfi sé á reiðum höndum.



- c) Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni - Stuðningur við svæðisbundna uppbyggingu
Í tillöggunni er áberandi að ábyrgð er í flestum tilfellum úthlutað til ráðuneyta eða annarra miðlægra stofnanna. Það er mat Austfirðinga að málefnum fjórðungsins sé betur komið í höndum helmamanna þar sem því verður við komið.
- d) Kostnaður tillagna
Það vekur athygli að ekki eru settar fram fjárhæðir við einstaka tillögur og er það miður.
Til að byggðaáætlun hafi það vægi sem nauðsynlegt er til að efla byggð um allt land þarf hún að vera raunveruleg framkvæmdaáætlun en ekki eingöngu það sem túlka mætti sem „viljayfirlýsingu“.
Nauðsynlegt er að hverri tillögu fylgi áætlun um kostnað og fjármögnun. Einnig þarf að tilgreina hver/hverjir ábyrgðaraðili framkvæmdar og fjármagns skuli vera.
- e) Tillögur skortir um jöfnun flutningskostaðar.
Mikið hefur verið rætt og ritað um jöfnun flutningskostaðar og nauðsyn þess að koma henni á. Ekkert hefur gerst. Stefnumótandi byggðaáætlun verður að taka á því máli.
Liðir F – G - og H : Ört vaxandi atvinnugreinar í landshlutanum. Frumkvæði heimamanna og ábyrgð fylgist þar að í samstarfi sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs með stuðningi ríkisvaldsins þar sem það á við. Styrkja ber enn frekar þetta frumkvæði og samstarf en ekki veikja það með aukinni miðstýringu.
- f) Ferðaþjónusta
Vísað er til innsendra athugasemda frá apríl 2009, liðir 23-28 (sjá meðfylgjandi skjal).
- g) Menntun
Vísað er til innsendra athugasemda frá apríl 2009, liðir 14, 30 (sjá meðfylgjandi skjal).
- h) Menning og listir
Vísað er til innsendra athugasemda frá apríl 2009, liður 32 (sjá meðfylgjandi skjal).

Seyðisfirði 23. maí 2010

Virðingarfyllst,
H. Hafliðason
F.h framangreindra;

Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Hafliði H. Hafliðason, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands

Drög að Byggðaáætlun 2010-2013

Athugasemdir frá Austurlandi

Samantekt á þessum athugasemdum er unnin af Próunarfélagi Austurlands, Þekkingarneti Austurlands, Menningarráði Austurlands, Markaðsstofu Austurlands, Vaxtarsamningi Austurlands, Ferðamálasamtökum Austurlands og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Ánægjulegt er að sjá að byggðaáætlun er orðin hluti af 'heildarpakka' Sóknaráætlunar 20/20 þar sem nauðsynlegt er að hafa yfirsýn. Það vekur samt sem áður spurningar að byggðaáætlun sé nánast lokið á sama tíma og vinna við Sóknaráætlun er á frumstigum.

Byggðamáli og byggðaáætlun á að spanna allt lítróf samfélagsgerðar og skiptir alla landsmenn máli.

Helstu athugasemdir sem tengjast drögum að byggðaáætlun 2010-2013 í heild eru eftirfarandi:

1. Þversagnir

Ákveðnar þversagnir er að finna í þessum drögum að byggðaáætlun. Þannig er annars vegar lýst yfir að stjórnvöld kjósi tvíþættingu stoðkerfisins í vaxtarsamninga og þekkingarsetur en hins vegar kveðið á um ítarlega úttekt stoðkerfinu. Sömuleiðis er lögð rík áhersla á samþættingu áætlana og að byggðaáætlun verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta en um leið sett fram mjög stefnumarkandi áætlun með yfir 30 aðgerðum.

2. Áhersla á erlenda fjárfestingu

Gott er að áhersla á erlenda fjárfestingu er dregin fram sérstaklega en mikilvægt er að slík vinna fyrir svæði sé unnin í samvinnu við atvinnuþróunarfélög. Einnig er mikilvægt að stefna Íslands í erlendum fjárfestingum sé skýr og gegnsæ. Nauðsynlegt er að upplýsingar um ívilnanir og skattaumhverfi sé á reiðum höndum.

3. Kostnaður tillagna

Það vakti athygli að ekki eru settar fram fjárhæðir við einstaka tillögur og er það mjög bagalegt. Til að byggðaáætlun hafi það vægi sem nauðsynlegt er til að efla byggð um allt land þarf hún að vera raunveruleg framkvæmdaáætlun en ekki eingöngu þingsályktun eða það sem túlka mætti sem 'viljayfirlýsingu'.

Nauðsynlegt er að hverri tillögu fylgi áætlun um kostnað og fjármögnun. Einnig þarf að tilgreina hver/hverjir ábyrgðaraðili framkvæmdar og fjármagns skuli vera.

4. Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni - Stuðningur við svæðisbundna uppbyggingu

Í þeim drögum sem kynnt voru var áberandi að ábyrgð var í flestum tilfellum úthlutað til ráðuneyta eða annarra miðlægra stofnanna. Það er mat Austfirðinga að málefnum fjórðungsins sé betur komið í hendur heimamanna þar sem því verður við komið.

Það er fagnaðarefni að samráð skuli vera við landsbyggðina við gerð byggðaáætlunar og vonumst við til að það verði í enn meira mæli í framtíðinni.

Aðilar á landsbyggð eiga að vera þátttakendur og ábyrgðaraðilar á öllum stigum. Leggja skal áherslu á öflugan stuðning við þau stoðkerfi sem fyrir eru á svæðinu.

5. Það svæði sem byggðaáætlun nær til

Í dag nær byggðaáætlun yfir allt landið nema höfuðborgarsvæðið. Þetta er ákaflega illa til fundið þar sem uppbygging hlýtur að styðjast að mestu við atvinnusvæði og fellur atvinnusókn þvert á þessar línur.

Höfuðborgarsvæðið er mikilvægt öllu landinu. Öflugur kjarni á því svæði er styrkur fyrir allt landið og er það skoðun Austfirðinga að byggðaáætlun eigi að taka á hvernig miðla eigi þessum styrk til landsbyggðarinnar.

Byggðaáætlun á að ná til alls landsins en einnig vera svæðisskipt að stórum hluta og munu Austfirðingar vinna sína eigin landshlutaáætlun.

6. Trúverðugleiki Byggðastofnunar

Svo virðist að Byggðastofnun njótl ekki trúverðugleika hjá ýmsum aðilum innan stjórnsýslu og utan hennar. Efla þarf trúverðugleika Byggðastofnunar með stuðningi ráðuneyta. Styrk staða Byggðastofnunar er einnig lykill að auknum trúverðugleika byggðaáætlunar.

7. Tímalengd byggðaáætlunar

Opinber áætlun til þriggja ára er að mati heimamanna mjög skammsýn áætlun. Nær væri að gera áætlun til 15-20 ára sem væri endurskoðuð með reglulegu millibili.

8. Skortir tillögur um fjölgun starfa á landsbyggðinni og jöfnun flutningskostaðar

Tvær tillögur sem voru í fyrri drögum um byggðaáætlun eiga enn fullt erindi í dag. Þar er tillaga um fjölgun starfa á landsbyggðinni sem nú mætti í raun heita *staðið vörð um störf á landsbyggðinni* sem nú eru skorin hratt niður. Tillaga um jöfnun flutningskostnaðar á einnig fullt erindi inn.

Sú þróun miðstýringar sem verið hefur ráðandi undanfarin ár í ráðuneytum er ekki heillavænleg og þarf að stoppa.

Framkvæmd þarf að vera vel skilgreind þar sem óbyrgð og kostnaður er ljós frá upphafi þó hann þurfi að endurskoða síðar.

Athugasemdir vegna tillagna 1-7 sem tengjast atvinnustefnu eru:

1. Samkeppnishæfni og klasar

Hér væri eðlilegt að atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga séu nefndir sem þátttakendur.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna

Góð tillaga.

3. Efling landshluta og héraðskjarna

Í þessari tillögu er mikilvægt að sveitarfélög og samtök sveitarfélaga séu þátttakendur.

4. Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklasi

Tilvalið væri að staðsetja þessa vinnu á Austurlandi.

5. Efling líftækni

Engar athugasemdir

6. Veiðarfærða og veiðitæknirannsóknir

Engar athugasemdir

7. Fiskeldi

Góð tillaga, en mikilvægt að taka skelræktun út fyrir sviga og gera um hana sérstaka tillögu. Skelrækt er á góðri leið með að verða öflug sjálfbær atvinnugrein. Mikilvægt er að taka á nokkrum sértækum málum varðandi greinina, svo sem hvernig má finna leiðir til að fjármagna reksturinn fyrstu árin.

Athugasemdir vegna tillagna 8-11 sem tengjast samþættingu áætlana og aukið samstarf eru:

8. Samþætting opinberra áætlana

Góð og tímabær tillaga

9. Stuðningur og ráðgjöf ESB á umsóknartímanum

Í þessari tillögu er mikilvægt að Samband Íslenskra Sveitarfélaga sé þátttakandi

10. Fjölbjóðlegt samstarf

Góð tillaga.

11. Tölfræðileg gögn um byggðapróun

Löngu tímabær vinna en mikilvægt að vinna í samvinnu við atvinnuþróunarfélög.

Athugasemdir vegna tillagna 12-14 sem tengjast eflingu stoðkerfis eru:

12. Skiivirkara stoðkerfi

Á Austurlandi stendur yfir vinna á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem miðar að því að gera stoðkerfið í landshlutunum skilvirkara og er reiknað með að þeirri vinnu ljúki í mars. Gera má ráð fyrir að vinna við Sóknaráætlun fari að mestu leyti fram á sama tíma.

Að ríkið sé fyrirfram búið að marka tvær meginbrautir í stoðkerfinu með vaxtarsamningum og þekkingarsetrum setur allri þessari vinnu ákveðnar skorður og kemur í veg fyrir heildarúttekt á stoðkerfinu. Stjórnvöld eru þá gegnum byggðaaætlun búin að ákveða sína aðkomu að stoðkerfinu áður en niðurstöður úttekta og endurskoðunar liggja fyrir. Eðlilegt hlýtur að teljast að endurskoðun á vaxtarsamningum og uppbyggingu þekkingarsetra verði unnin í samhengi við aðra endurskoðun á stoðkerfinu og í samhengi við Sóknaráætlun.

13. Þróun og styrking vaxtarsamninga

Vaxtarsamningar eru „bottom up“ hugmyndafræði sem þarf að fara ákaflega varlega í að skilgreina sem ábyrgðaraðila fyrir einstök verkefni. Mikilvægt er að Atvinnuþróunarfélög og annað svæðisbundið stoðkerfi verði eftt og taki ábyrgð á framvindu þróunarverkefna í heimabyggð.

Þátttakendur ættu því einnig að vera samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögin.

14. Efling þekkingarsetra - Tillaga að nýju heiti: Efling þekkingarstarfsemi á landinu

Mikilvægt er að ekki sé eingöngu markmið að efla starf svæðisbundinna þekkingarsetra heldur einnig styrkja þekkingarstarf almennt og þá sérstaklega samstarf um þekkingaruppbyggingu sem þegar er í gangi á svæðunum. Mikilvægt er að horfa á slíkt samstarf út frá faglegum sjónarmiðum á borð við gæði verkefna, rannsókna o.s.frv., einnig er mikilvægt að hverfa frá þeirri hugmynd að húsbyggingar séu forsenda framþróunar í þessum efnunum.

Jafnframt er mikilvægt að horfa til þarfa allra landsmanna fyrir uppbyggingu á sviði menntunar og þekkingarstarfsemi, til dæmis með bættu aðgengi að háskólanámi sem og aukinni þátttöku dreifbýlisins í þróun og uppbyggingu háskólanáms.

Horfa þarf bæði á uppbyggingu rannsókna, nýsköpunar- og fræðastarfa innan skilgreindra þekkingarsetra en ekki síður utan þeirra á jaðarsvæðum og svæðum þar sem einstök náttúra, menning og mannauður er til staðar. Íslendingar eiga mörg sóknarfæri í fræðslustarfsemi ýmiskonar og það starf felst ekki síst í því að nemendur/ferðamenn taki þátt í upplifun og rannsóknum út í náttúrunni.

Árangursmat:

Mikilvægt er að meta árangur af þekkingarstarfi út frá faglegum og fjárhagslegum forsendum, með því að meta framkvæmd verkefna, fjölda starfa, fjölda þátttakenda, afleidd áhrif t.d. í

ferðapjónustu o.s.frv. Horft verði til þess að skapa fjölbreytta flóru þekkingarstarfs á landsbyggðinni og í því starfi verði leitað í auknu mæli til grasrótarinnar samhliða því að markaðsetja rannsóknar- og nýsköpunartækifæri á landsbyggðinni fyrir ungt fólk með þekkingu, áræði og dug til að byggja upp ný störf, verkefni og fyrirtæki. Samstarf við sveitarfélög er sérlega mikilvægt í þessu sambandi.

Ábyrgð á framkvæmd:

Mikilvægt er að svæðin (sveitarfélögin og stoðstofnanir þeirra) taki í framtíðinni sjálf ábyrgð á uppbyggingu á sínum svæðum og fái til þess fjármagn frá ríkisvaldinu.

Athugasemdir vegna tillagna 15-20 sem tengjast nýsköpun og sprotafyrirtækjum eru:

Í inngangi þessa kafla virtist sem verið væri að leggja að jöfnu menntakerfi og stoðkerfi atvinnulífsins sem eru tvö mjög ólík kerfi þó svo að þau komi saman á nokkrum mikilvægum stöðum í uppbyggingu atvinnulífs.

15. Ívilnanir vegna fjárfestingar í ... vegna rannsókna og þróunar

Engar athugasemdir

16. Rekstur Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri – Tiliaga að nýju heiti: Aukin skilvirkni í stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Markmið:

Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Meginhugmynd:

Skoða þarf af óháðum aðila hvort skörun er í stoðkerfi á Íslandi og leggja til leiðir til hagræðingar með það að leiðarljósi að skýra hlutverk og snertifleti stoðkerfa atvinnulífsins.

Árangursmat:

Hagræðing í nýsköpun á landsvísu.

Ábyrgð á framkvæmd:

Iðnaðarráðuneyti, óháður aðili (helst erlendur)

Aðrir þátttakendur:

Atvinnuþróunarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök íslenskra sveitarfélaga.

17. Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema

Afbragðs tiliaga að því gefnu að ekki verði skert framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

18. Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra vistvænna orkugjafa í samgöngum

Mikilvæg tillaga og verkefni. Ráðuneytið og aðrir þátttakendur hvattir til að líta til landsbyggðarinnar, tengja verkefnið betur þangað og skoða möguleikann á að keyra tilraunaverkefni á afmörkuðu svæði.

19. Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísyrings frá stóriðju- og jarðvarmaveitum

Gott verkefni, Austurland væri tilvalinn staður sem þróunarsvæði vegna mikils frumkvöðlastarfs og þróunar á þessum sviðum á svæðinu.

20. Vistvæn orkuöflun til húshltunar og niðurgreiðslu kostnaðar

Austurland er stærsta rafhitunarsvæði *húsnæðis* á Íslandi : *Austurland er eitt af skilgreindum köldu svæðum á Íslandi* Þar hefur verið unnið mikið frumkvöðlastarf með t.d. viðarkyndingu og smávirðjanir og einnig hafa athuganir verið í gangi með varmadælingu. Með þetta í huga væri eðliligt að Austurland fengi sérstakan stuðning til átaks í vistvænni orkuöflun til húshitunar í landshlutanum.

Athugasemdir vegna tillagna 21-22 sem tengjast erlendum nýfjárfestingum í atvinnulífinu eru:

Upplýsingar til erlendra fjárfesta eru ekki í nægilega föstum skorðum. Mikilvægt er að bæta til muna aðgengi að upplýsingum um lagaumhverfi, skattaumhverfi og ívilnanir. Vinna þarf þessar upplýsingar með reglulegu millibili og tryggja aðgengi að þeim.

21. Rammalöggjöf um ívilnanir

Mjög tímabært

22. Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar

Mjög gott

Athugasemdir vegna tillagna 23-28 sem tengjast ferðaþjónustu eru:

Ferðaþjónustan er án efa ein mikilvægasta atvinnugreinin fyrir hinar dreifðu byggðir og því ber að fagna þeirri áherslu sem lögð er á hana í þessum drögum að byggðaáætlun.

Í athugasemdum sem sendar voru inn frá Austurlandi við fyrri drög að byggðaáætlun var bent á mikilvægi þess að horfa til raunverulegra framkvæmdaverkefna og lífvænlegra nýsköpunaverkefna sem byggja á svæðisbundinni sérstöðu landshlutanna. Mikil þörf er fyrir þolinmótt fjármagn til fjárfestinga í slíkum verkefnum sem stuðla að eflingu ferðaþjónustu og lengingu ferðamannatímans. Á Austurlandi er smæð fyrirtækjanna og mannfæð ásamt fjarlægð frá megin innkomu ferðamanna og meginþorra landsmanna hins vegar ákveðin hindrun í að laða að stærri fjárfesta. Við aðgerðir byggðaáætlunar er því mikilvægt að tekið verði tillit til misjafnrar samkeppnisstöðu landshlutanna, eins og Vestfjarða og Austurlands sem hafa ekki sömu möguleika og Vesturland og Suðurland með nálægð sína við höfuðborgina eða miðhluti Norðurlands með stórum þjónustukjarna á Akureyri. Einnig þarf að huga að þessum aðstöðumun þegar horft er til uppbyggingar og viðhalds

ferðamannastaða en allt slíkt er fjárfrekt og flestir vinsælir áningarstaðir eru ekki á forræði neinna annarra en fámennra sveitarfélag, nægir þar að nefna staði eins og Stóruð, eða Hengifoss. Gera þarf ráð fyrir bættu aðgengi að opinberu fjármagni til uppbyggingar lykil-áningarstaða, með ströndum og á hálendi landsins.

23. Nýsköpun og vörubrúun í ferðaþjónustu tengd heilsu, lífsstíl, ráðstefnum og menningu.

Í fyrsta lagi er rétt að taka menningarferðaþjónustu út úr þessari aðgerð og setja í séraðgerð undir lykilsviðinu *Efling menningarstarfs og lista* sem hér er lagt til að bætt verði við lykilsviðin. Þá skal bent á að flestir landshlutar hafa á undanförunum misserum unnið eða eru að vinna stefnumótun í ferðamálum fyrir tiltekin landssvæði. Hluti af þeirri kortlagningar- og greiningarvinnu sem tilgreind er í 23. er því til staðar, t.d. á Austurlandi.

Í öðru lagi nær þessi aðgerð aðeins yfir fremur afmarkað svið ferðaþjónustu er snýr að heilsutengdri ferðaþjónustu og ráðstefnutengdri. Vandséð er að ráðstefnuáherslan nýtist Austurlandi mikið sökum fjarlægðar frá aðstöðu fyrir stærri ráðstefnur, svo sem nýju ráðstefnu- og tónlistarhúsi og þeirri staðreynd að ferðir í tengslum við ráðstefnur eru einatt dagsferðir út frá höfuðborgarsvæðinu (Gullni hringurinn og Reykjanes). Þrátt fyrir takmarkaðan jarðvarma mætti byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu í tengslum við hrein, náttúruleg hráefni og heilbrigðan lífsstíl, en slíkt gæti gagnast fjarlægari slóðum. Því skal hér lagt til að þessi aðgerð taki til víðtækari vörubrúunar og nýsköpunar.

Árangursmatið í þessari aðgerð hlýtur fyrst og fremst að verða fjöldi þeirra sem nýta sér tiltekna þjónustu og hvernig hann dreifist en ekki vöruframboðið sjálft.

24. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu

Þessi aðgerð er þörf en hvernig hún er framkvæmd skiptir mestu. Gæta þarf þess að um hagnýtar rannsóknir sé að ræða en ekki hreinar akademískar rannsóknir, rannsóknanna vegna. Þess vegna er mikilvægt að ferðaþjónustan sjálf taki sem mestan þátt í þessu og lagt til að SAF verði ábyrgðaraðili með Ferðamálastofu.

25. Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu.

Mikilvæg aðgerð. Rétt að benda á fleiri aðila sem eiga að koma að þátttöku, s.s. Vegagerðin, samtök útivistarfélaga, náttúruverndarsamtök að ógleymdum Vatnajökulsþjóðgarði sem nú nær yfir stóran hluta hálendisins.

26. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu

Gott markmið en vandasamt í framkvæmd og kostnaðarsamt fyrir lítil ferðaþjónustufyrirtæki að fara gegnum vottunarferli. Því er rétt að skerpa hér á að slíkt gæða- og umhverfiskerfi verður að vera hagnýtt og smærri fyrirtæki þurfa að fá fjárhagslegan stuðning við innleiðingu þess. Mikilvægt er að finna raunhæfar lausnir sem stuðla að auknum gæðum en eru ekki íþyngjandi og hamlandi.

Í öðrum þátttakendum er minnst á „landshlutamiðstöðvar“. Upplýsingamiðstöðvar hafa takmarkað vægi inni í þessu en markaðsstofur landshlutanna eiga hins vegar vel heima í

Þessari aðgerð þar sem þær vinna að gæðamálum með ferðaþjónustuaðilum hver á sínu svæði.

27. Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða

Þörf aðgerð sem þegar er hægt að ganga í með því að bæta aðstöðu á þeim fjölmörgu ferðamannastöðum sem vegna fjölda ferðamanna eru komnir að þörmörkum, þá er ekki síður mikilvægt að fjölga slíkum stöðum og veita fjármagn til kynningar, til að auka og bæta dreifingu ferðamanna um landið. Við mat á hvað eigi að vera kjarnastaðir þurfa margir aðilar að koma og mikilvægt að greining á þörmörkum staða og svæða sé innbyggð í verkefni. Markaðsstofur landshlutanna eiga að vera meðal þátttakenda enda hafa þær sumar unnið með þessar skilgreiningar í stefnumótun fyrir tiltekin svæði.

28. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum

Góð aðgerð en mætti taka meira til framkvæmdar en skoðunar á möguleikum og greiningar á því sem gert hefur verið. Í þessu sambandi þarf sérstaklega að fara yfir allt það regluverk sem þessari ferðaþjónustu er búið að starfa innan. Gott klasasamstarf er til staðar víða um land í þessari hliðargrein ferðaþjónustunnar og þarf að efla það með markvissum hætti. Einnig þarf að vera hægt að gera einstaka ferðaþjónustuaðilum kleift að þróa framboð á slíkri þátttöku, með aðgengi að styrk- eða fjárfestingafé til smáframkvæmda. Árangursmatið ætti frekar að byggja á framboði og nýtingu á þessari þjónustu en einföldun reglna og hindrunalausum vexti.

Athugasemdir vegna tillagna 29-32 sem tengjast félagsauð eru:

29. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga

Gerðar hafa verið margar slíkar rannsóknir innan svæðis og utan og spurning hvort fjármunum væri ekki betur varið við að takast á við fækkunina frekar en að vinna enn eitt rannsóknarverkefnið.

30. Bætt aðgengi að menntun

Menntun og aðgengi að henni er en af grunnforsendum fyrir lífvænleika svæða. Ekki er nægjanlegt að hafa aðgengi að fjarnámi heldur verður einnig að vera til staðar staðbundið háskólanám á öllum svæðum til að efla þekkingarsetur og aðra rannsóknarstarfssemi.

31. Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar

Góð tillaga

32. Skapandi greinar og listnám

Tillaga að nýju heiti: Efling menningarstarfs og lista

Allt frá árinu 2002, þegar menningarsamningur fyrir Austurland kom til framkvæmda, hafa menning og listir haft vaxandi áhrif til jákvæðrar byggðapróunar og atvinnusköpunar víða um land. Í gildi eru menningarsamningar við alla landshluta þar sem menntamálaráðuneyti og

iðnaðarráðuneyti leggja fjármuni til verkefna á móti sveitarfélögum og framkvæmdaaðilum. Tilgangur samninganna er að efla menningarstarf á landsbyggðinni og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt starf í einn farveg, ásamt því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Menningarsamningarnir hafa stutt við nýsköpun og leitt til aukins samstarfs og atvinnusköpunar á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Með tilkomu þeirra hefur úthlutun opinbers fjármagns til menningarverkefna færst nær heimabyggð og eftirlit með ráðstöfun þess orðið skilvirkari.

Í drögum að nýrri byggðaáætlun er vart minnst á menningarsamninga og skýtur það nokkuð skökku við þar sem síðasta byggðaáætlun kvað sérstaklega á um að þeim skyldi komið á og menningarstarfsemi eflid. Reynslan af menningarsamningunum hefur verið góð og tilkoma þeirra og fastra starfsmanna sem tengt hafa saman menningarlíf heilu landsfjórðungana orðið til þess að þetta hin svæðisbundnu stoðkerfi. Þá hafa samningarnir einnig stuðlað að þverfaglegri samvinnu og auknu samstarfi bæði milli landshluta og milli stofnana úti á landi og listastofnana sem eiga að starfa á landsvísu en eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Menning er ekki bara eitthvað sem snýr að félagsauði heldur er hún einnig atvinnugrein. Það hefur sýnt sig að menningin spilar stórt hlutverk í sambandi við ferðaþjónustu og á öflugt menningarstarf sem hvílir á menningarsamningnum sinn þátt í því. Menningarferðaþjónusta, ekki síst sem byggir á sögunni og menningararfinum, er í örum vexti um allt land og ferðaþjónusta sem byggir á viðburðum vex einnig hérlendis sem í öðrum löndum. Þá eru handverk, hönnun og listsköpun af ýmsu tagi í mikilli framför víða um land og njóta þar m.a. góðs af fjölgun ferðamanna og þar með kaupenda.

Tillaga

Hér er gerð tillaga um að Efling menningar og lista verði áttunda lykilsviðið í byggðaáætluninni. Sem aðgerðir undir því sviði er hægt að hafa Skapandi greinar og listnám (32. aðgerð) og þann þátt í 23. aðgerð sem snýr að menningarferðaþjónustu og viðburðum. Þá mætti bæta við aðgerð sem tilgreind er í nýrri stefnu í menningarmálum á Austurlandi og lýtur að fjölgun starfa í listgreinum á landsbyggðinni með því að tengja betur saman skólakerfið og starfandi listamenn á hverju svæði fyrir sig.

Alþingi

Erindi nr. P 138/2515

komudagur 25.5.2010

Til nefndasviðs Alþingis

Varðandi þingsskjal 910; 521. mál:

Tillaga til þingsályktunar

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013 .

Umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

Stjórn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013:

Í heild er tillagan í samræmi við tilgang hennar og samfélagslegar þarfir. Hinsvegar eru í henni nokkur atriði sem betur mættu fara og önnur vantar að áliti Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna. Fram kemur í athugasemdum tillögunnar að byggðapróunaráætlun sé ætlað að verða hluti af Sóknaráætlun 20/20. Mikilvægt er því að athugasemdir SFH komist á framfæri; ekki síst til að skapa samræmi, þar sem fulltrúar SFH áttu sæti í ráðgjafahópi Sóknaráætlunar og í tillögum þess hóps er að finna atriði sem ekki var tekið tillit til í þessum tillögudrögum. Því eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

a) Varðandi lykilsvið 1; “Atvinnustefna”. Í þennan lið vantar að geta undirstöðuatriðis góðrar atvinnustefnu sem er almenn atvinnuþátttaka. Nefnd atriði eru vissulega nauðsynleg, en þetta má ekki gleymast. Í lok töluliðarins væri æskilegt að nefna “hugvit” sem einn af undirstöðuþáttum atvinnusköpunar.

Lagt er til að töluliðurinn verði svona (viðbætur undirstrikaðar):

“1. *Atvinnustefna*. Kjarni atvinnustefnunnar er almenn atvinnuþátttaka, bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknunum, hugviti og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.”

b) Varðandi lykilsvið 4; “Nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Hér er lítið algjörlega framhjá tilvist og mikilvægi Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN, sem eru einu almennu samtök frumkvöðla í landinu og mikilvægur liður í eflingu nýsköpunar. Samtökin hafa skipulagt víðtækt tengslanet; ráðgjafabjónustu og þekkingamiðlun og standa fyrir margháttaðri áhugavakningu á sviði frumkvöðlastarfs. Allt starf samtakanna hefur verið unnið í sjálfböðavinnu áhugafólks. Þessi grasrótarsamtök eru mikilvægt verkfæri við uppbyggingu nýsköpunar og atvinnulífs og mega ekki gleymast í heildaráætlun sem þessari. Þar sem í lok töluliðarins eru talin upp nokkur dæmi um skilgreind verkefni opinberra aðila væri rétt að bæta við “nýjungar í orkutækni”, en m.a. á því sviði vinna félagsmenn SFH að nýsköpun. Lagt er til að þessi töluliður verði svona (viðbætur undirstrikaðar):

“4. *Nýsköpun og sprotafyrirtæki*. Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi nýsköpunar og atvinnulífs, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði og samtök til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra vishæfra orkugjafa í samgöngum, þró

nýja tækni á sviði endurnýjanlegrar orku eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.”

c) Varðandi lykilsvið 6; “Efling ferðaþjónustu”. Rétt er hér að geta um íslenska tæknimiðstöð sem gæti orðið verulegur segull í ferðaþjónustu, en um tæknimiðstöð er fjallað nánar hér á eftir.

d) Varðandi kafla I - 2tl; “heildstæð orkunýtingarstefna”. Hér er ekki gert ráð fyrir könnunum eða undirbúningi vegna nýtingar annarra orkulinda landsins en þeirra hefðbundnu, en það væri skammsýni í ljósi umfangs óhefðbundinna orkulinda (s.s. sjávarorku) og tækniþróunar í nýtingu þeirra.

e) Varðandi kafla III -11 tl; “skilvirkara stoðkerfi”. Hér vantar að geta framtaks frumkvöðla sem einnar af stoðum atvinnuuppbyggingar. Stöðug þróun er ein grunnuppistaða og forsenda atvinnulífs. Lagt er til að önnur málsgrein orðist þannig; (viðbætur undirstrikaðar): “Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar, ásamt hugviti og frumkvöðlastarfsemi. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla, frumkvöðla og rannsóknastofnana er mikilvægt. Í því felst að þrjú þætt stoðkerfi vinnur saman að þróun, framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.

..... og breytingar varðandi þáttakendur:

Aðrir þáttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna; Fjárfestingarstofa, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.”

f) Varðandi kafla III -12 tl; “þróun og styrking vaxtarsamninga”. Nauðsynlegt er að Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eigi aðkomu að mótun starfsumhverfis frumkvöðla og nýsköpunar, þar með talið þess stuðningsumhverfis sem vaxtarsamningarnir eru. Lagt er til að önnur málsgrein orðist þannig;

“Lögð hefur verið mikil áhersla á vaxtarsamninga sem aðferð til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gerðir hafa verið slíkir samningar við sjö atvinnuþróunarfélög á grundvelli byggðaáætlunar 2006–2009. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og á vegum þeirra hefur verið unnið að ýmsum nýjum og árangursríkum verkefnum. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Við gerð nýrra vaxtarsamninga er mikilvægt að byggt sé á því sem vel hefur tekist við framkvæmd fyrri samninga, með áherslu á skilvirka stjórnun og árangursmat. Taka þarf mið af reynslu frumkvöðla og annarra af fyrri verkefnum vaxtarsamninga.”

..... og breytingar varðandi þáttakendur:

Aðrir þáttakendur: Atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og Byggðastofnun.”

g) Varðandi kafla III -13 tl; “efling þekkingarsetra”. Einnig hér er mikilvægt að Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eigi aðkomu. Almennir hugvitsmenn og frumkvöðlar þurfa að geta nýtt sér þessi setur, ekki síður en akademiskir aðilar og fyrirtæki. Því eru lagðar til eftirvarandi breytingar (viðbætur undirstrikaðar):

Aðrir þáttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og undirstofnanir þessara ráðuneyta auk

atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og samtaka þeirra og Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna.”

h) Varðandi kafla IV; “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Hér þarf að breyta nokkrum atriðum, þar sem of lítil áhersla er hér lögð á framtak og gagnsemi hins almenna hugvitsmanns og frumkvöðuls, heldur gengið útfrá því að nýsköpun komi öll frá fyrirtækjum. Því eru lagðar til eftirvarandi breytingar (viðbætur undirstrikaðar):

“Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki er mjög mikilvægur til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og fjölga atvinnutækifærum. Slík fyrirtæki Frumkvöðlar og sprotafyrirtæki renna þannig sterkari stöðum undir þau byggðarlög sem þau starfa í og bæta búsetuskilyrði. Í þessari byggðaaætlun er stuðningurinn þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi nýsköpunar og atvinnulífsins svo sem starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun og sjóði og samtök til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra vishæfra orkugjafa í samgöngum, þróa nýja tækni á sviði endurnýjanlegrar orku, að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera, efla nýsköpun í ferðaþjónustu og svo framvegis.”

Rétt væri að í þessum kafla yrði sérstakur töluliður um rannsóknamiðstöð á sviði sjávarorku og tæknipróun á því sviði, til viðbótar við aðra töluliði um þróun á sviði orkutækni.

i) Varðandi kafla IV; “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Stjórn samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna telur óviðunandi að hvergi í frumvarpi þessu er lögð áhersla á mikilvægi almennra og lýðræðislegra samtaka frumkvöðla og þeirra sem leggja vilja sitt að mörkum til endurreisnar og nýsköpunar. Einungis er rætt um stofnanir á vegum ríkisins, en þær hafa ekki reynst fullnægjandi í stuðningi við frumkvöðlastarf á byrjunarstigi. SFH leggja því til að nýr töluliður bætist við í kafla IV sem hljóði svo (aðrir töluliðir færast aftar og breyti um númer):

“16. Almenn samtök frumkvöðla.

Markmið: Starfsemi almennra frumkvöðlasamtaka til eflingar nýsköpun.

Meginhugmynd: Opin og gjaldfrjáls samtök hugvitsmanna og frumkvöðla eru nauðsynlegur liður í eflingu nýsköpunar. Þar verða tengslamyndun, samhjálp, þekkingamiðlun og áhugavakning sem erfitt er að ná fram í gegnum opinber stuðningskerfi. Nú eru starfandi tvenn áhugasamtök af þessu tagi: Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og Félag kvenna í nýsköpun (KVENN). Hlú þarf að starfsemi þessara félaga og laga hana að öðru stuðningsumhverfi, þannig að nýta megi krafta þeirra til nýsköpunar í þágu atvinnulífs og þjóðarhags.

Árangursmat: Á tveggja ára fresti verði gerð úttekt á árangri af starfsemi almennra áhugamannafélaga á sviði nýsköpunar.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN

Tímaáætlun: 2010–2013.”

j) Varðandi kafla VII; “félagsauður”. Hér er nauðsynlegt að bæta inn mikilvægum lið, sem m.a. er hluti af tillögum menntahóps til Sóknaráætlunar 20/20; en það er að komið verði á fót íslenskrum tæknimiðstöð (science center) til stuðnings við raungrainakennslu og áhugavakningu á sviði nýsköpunar. Þannig miðstöðvar eru nú starfandi í öllum grannlöndum okkar, og má m.a. skýra óhagstæðan samanburð okkar í pisa-rannsóknum með lakari aðstöðu að þessu leyti.

Fyrir liggur sérfræðiálit Khí sem eindregið mælir með stofnun af þessu tagi. Síðustu sjö ár hefur starfað fjölmennur hópur áhugafólks að undirbúningi þessa málefnis, skipaður m.a. kennurum, skólastjórnendum, aðilum úr atvinnulífi og fulltrúum SFH og KVENN. Nefnist hópurinn ÁTAK; hefur skilað áfangaskýrslum til stjórnvalda og hefur notið framlaga á fjárlögum (nánar á www.tsi.is). Í niðurstöðum menntahóps Sóknaráætlunar 20/20 segir m.a: “Koma þarf á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun”. Nauðsynlegt er að þetta frumvarp að nýrri byggðaáætlun verði í samræmi við niðurstöður þessa víðtæka starfshóps. Því er hér með lagt til að við bætist nýr töluliður sem orðist þannig (aðrir töluliðir færast aftar og breyti um númer):

“30. Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Markmið: Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Meginhugmynd: Koma á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun. Slíkar miðstöðvar eru starfræktar í nágrannalöndum okkar og sérfræðingar hafa staðfest gagnsemi og þörf hennar hér, ekki síst í þágu raungreinamenntunar en einnig sem áhugavaka í nýsköpun og kynningu á íslenskri tækniþróun. Unnið hefur veið að undirbúningi slíkrar stofnunar um nokkurt skeið á vegum áhugasamtakanna ÁTAKs, með aðkomu margra aðila úr mennta- og atvinnulífi. Kanna þarf hagkvæmni þess að tengja slíka stofnun fyrirhuguðu Náttúruminjasafni og e.t.v. öðrum stofnunum.

Árangursmat: Áfangaskýrslur undirbúnings; stofnframkvæmda og rekstrar

Ábyrgð á framkvæmd: Mennta- og menningarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: ÁTAK (Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu); Náttúruminjasafn.


Tímaáætlun: 2010–2013.”

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna vænta þess að þessar breytingatillögur fái góðan gaum og verðuga umfjöllun þeirra sem um þessa þingsályktunartillögu fjalla, og er stjórn SFH reiðubúin að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma og mæta á fundi ef með þarf.

Virðingarfyllst

20. maí 2010

f.h. stjórnar Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna


Valdimar Össurásson, ritari stjórnar/SFH



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 138/2416
komudagur 18.5.2010

Selfossi, 18. maí 2010

0811001SA PH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 - 2013, 521. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga, sem haldinn var 14. maí sl., var tekið fyrir erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013, 521. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS telur ekki rétt að afgreiða byggðaáætlun nú þar sem boðað hefur verið að lagðar verði fram tillögur um samþætta sóknaráætlun fyrir hvern landshluta nú í haust auk sameiginlegrar áætlunar fyrir landið allt. Samþykkt tillögunnar nú hefur því ekkert gildi og byggðaáætlun í núverandi mynd óþörf þar sem sóknaráætlun er ætlað að leysa hana af hólmi. Stjórnin vekur athygli á því að landshlutasamtaka sveitarfélaga er varla getið í tillögunni en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð og framkvæmd sóknaráætlanna. Stjórn SASS leggur til að hlutverk Byggðastofnunar verði endurskoðað og hluti þess fjármagns sem hún hefur yfir að ráða og þess starfs sem hún hefur með höndum verði færður út í landshlutana og þar með.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
b.t. lónaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2513
komudagur 25.5.2010

Hvammstanga 24. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tillögu til stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013.

Áherslur SSVN

- Áframhaldandi stuðning við starfsemi atvinnuþróunarfélagana, Vaxtasamninga og Menningarsamninga. Þessar stoðir gegna lykilhlutverki í eflingu þróunar og nýsköpunar á Norðurlandi vestra ásamt sveitarfélögum og landshlutasamtökum þeirra.
- Áframhaldandi stuðning við uppbyggingu menntunar og þekkingartengdrar starfsemi á Norðurlandi vestra m.a. að þau setur, sem sett hafa verið á laggirnar, sé viðhaldið og þau eflid.
- Starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra verði tryggð og kannaðir möguleikar á frekari eflingu þeirra m.a. með tilfærslu starfa og staðsetningu nýrra verkefna.
- Að samgönguáætlun styðji við, og endurspegli markmið byggðaætlunar.
- Mikilvægt er að tryggja stöðugleika í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

Almennt um tillöguna.

Almennt séð má taka undir meginmarkmið tillögunnar um að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun menning samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins. Þau verkefni sem talin eru upp eru að langmestu leiti áhugaverð og munu eflaust hafa jákvæð byggðaleg áhrif með tilliti til nýrra atvinnutækifæra takist að hrinda þeim í framkvæmd. Ánægjulegt er að sjá áherslur á áframhald Vaxtarsamninga og stórt hlutverk atvinnuþróunarfélagana hafa myndað svæðisbundin hryggjarstykki í stuðningi við atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Hið sama má segja um menningarsamninga. Þá er lýst ánægju um áform um samþættingu opinberra áætlana við gerðar Sóknaráætlunar 20/20. Ferðapjónustan fær verðskuldaða athygli en mörg tækifæri liggja í enn frekari eflingu ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra.

Í upphafi tillögunnar er þess getið að byggðaáætlun sé hluti af þeirri heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta sem nú er unnið að. Ekki er augljóst eftir lestur tillögunnar hver er raunveruleg stefna stjórnvalda í byggðamálum. Á að miða við núverandi byggðamynstur? Er gert ráð fyrir áframhaldandi flutningi íbúa af landsbyggðinni? Áhugavert hefði verið að sjá djarfari tillögur t.d. um beitingu skattkerfisins í byggðamálum s.s. ívilnun í formi lægri tekjuskatts, afsláttar námslána eða frádráttarbæran kostnað vegna vinnusóknar. Því má velta upp hvort gildistími áætlunarinnar sé skynsamlegur. Er raunhæft að leggja mat á árangur einstakra verkefna að 4 árum liðnum? Þá verður að benda á að ekki nefnd uppbygging og veiting opinberra þjónustu á landsbyggðinni og stefna í flutningi opinberra starfa og stofnana út á landsbyggðina sem hvort tveggja eru stór byggðamál. Benda má að góða reynslu af slíkum flutningi á Norðurlandi vestra. Þá er hlutverk Byggðastofunnar



óskýrt en heppilegt er að í byggðaaætlun sé mörkuð pólitísk stefna stofnunarinnar og eðlilegt að stofnunin gegni lykilhlutverki í framkvæmd byggðaaætlunar bæði hvað varða þróunarsvið stofnunarinnar og eins getu lánasviðs til fjármögnunar atvinnustarfsemi á landsbyggðinni.

Í byggðaaætlun er ekkert tillit tekið til þess að sum landssvæði t.d Norðurland vestra hafa um langt skeið glímt við neikvæðan hagvöxt og fólksfækkun en það hlýtur að vera eitt að meginverkefnum áætlunarinnar að leggja fram tillögur um aðgerðir á þeim svæðum sem hvað erfiðast eiga uppdráttar efnahagslega.

Samgöngu og fjarskipamál gegna veigamiklu hlutverki í þróun byggðamála. Í tillögunni er ekki fjallað um hvernig æskilegt sé að uppbygging samgangna styðji við markmið byggðaaætlunar. Slíkt hefði verið heppilegra og mikilvægt að þessar áætlanir styðji hvorar við aðra.

Sjávarútvegur og landbúnaður gegna lykilhlutverki í verðmætasköpun á Norðurlandi vestra. Lítið er fjallað um þessar undirstöðugreinar í áætluninni. Mikilvægt er við núverandi aðstæður að rekstarumhverfi þessara greina sé stöðugt.

Þá er að lokum bent á að ekki liggur fyrir hvernig fjármögnun þeirra verkefna til tilgreind eru í áætluninni verður háttáð.

Athugasemdir við einstaka tillögur

8. Samþætting opinberra áætlana.

Athugasemd SSNV. Landshlutasamtök sveitarfélaga mynda verkefnisstjórn ásamt ráðuneytum varðandi gerð að sóknaráætiunar landshluta. Tilgreina á landshlutasamtökin og samband íslenskra sveitarfélaga sem aðra þátttakendur þar sem eðlilegt er að sveitarfélögin komi að þessu verki.


15. Starfsstöð Impru á Akureyri.

Athugasemd SSNV. Eðlilegt er að þessi tillaga falli undir heildarendurskoðun á stoðkerfinu sbr. tillögu 11. Minnt er á að útibú Impru hafa verið sett upp víða um land m.a á Sauðárkróki.

31. Menning, skapandi greinar og listnám.

Athugasemd SSNV: Hér vantar beina tillögu um að menningarsamningum verði haldið áfram og að þeir verði eflir – líkt og gert er í grein 12 um þróun og styrkingu vaxtarsamninga. Þá er einnig nokkuð ankannalegt að í „Tímaáætlun“ þar er gert ráð fyrir undirbúningstímabili árið 2010 en að verkefnum verði hrundið í framkvæmd 2012-2013 – hvað á að gerast árið 2011?

Ekki eru á þessu stigi gerðar fleiri athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt


Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri.



Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Borgarnesi 21. maí 2010.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013, 521. mál.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa kynnt sér stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013 og leggja til eftirfarandi athugasemdir.

Auka fjölbreytni í ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta fær mikla umfjöllun í fyrirbyggjandi drögum og er það af hinu góða. Vert er þó að benda á að mikilvægar stoðir atvinnulífs og samfélagsins á Vesturlandi eru sjávarútvegur á Snæfellsnesi og Akranesi, landbúnaður í Borgarfirði og Dölum og stóriðja og iðnaður á suðursvæði Vesturlands. Ferðaþjónusta er talsverð á Vesturlandi og hefur verið í miklum vexti. Auka þarf fjölbreytni hennar til að efla hana í heild sinni á svæðinu og öðrum svæðum tengdum Vesturlandi.

Háskólar og rannsóknasetur.

Háskólar og rannsóknasetur eru mikilvæg í stoðkerfi svæðisins og eru háskólar í Borgarfirði með stærstu vinnustöðum á svæðinu. Aukin þekkingarstarfsemi er helsti vaxtarbroddur framtíðarinnar. Stjórn SSV leggur gríðarlega mikia áherslu á að þau rannsóknar- og þróunarsetur, sem sett hafa verið á laggirnar, verði viðhaldið og þau eflid. Efling umræddrar starfsemi skapar störf fyrir vel menntaða einstaklinga, styrkir grunn samfélaga og er einna líklegust til að auka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi sem nú verður sífellt mikilvægara og er ein leið til að auka þekkingu og efla fjölbreytni.

Standa vörð um atvinnuþróunarfélögin.

Stjórn SSV leggur ríka áherslu á að staðin verði vörð um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni. Atvinnuþróunarfélögin hafa mikla staðarþekkingu og eru eitt öflugasta tæki ríkis og sveitarfélaga til að koma að málefnum sinna svæða. Hér er átt við verkefni sem upp geta komið á afmörkuðum svæðum innan landshlutanna, hvort sem um er að ræða svæðisbundið, einstök fyrirtæki eða einstaklinga. Atvinnuþróunarfélögin gegna einnig mikilvægu hlutverki í eflingu nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Stjórn SSV leggur mikla áherslu á að forræði þessarar starfsemi verði í höndum heimamanna og öllum hugleiðingum um miðstýringu þessarar starfsemi verði ýtt út af borðinu.

Samgöngur, samfélagsgerð og nútímavæðing skattkerfis.

Vinnusóknarsvæði hafa stækkað á síðustu árum. Um það er fjallað sérstaklega í drögum að byggðaáætlun og fá vinnusóknarsvæði og þjónustusókn talsverða umfjöllun í sóknaráætlun.

Vinnusóknarsvæði íbúa á Vesturlandi hafa farið stækkandi og fólk með búsetu í dreifbýli hefur í vaxandi mæli sótt vinnu um langan veg. Vesturland á sterka samfélagsgerð í dreifbýli sínu. Jafnframt hefur sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað að þéttbýlisbúar eiga sína dvalarstaði í dreifbýlinu en almennt mynda þeir ekki sömu kjölfestu í samfélögum og íbúar með fasta búsetu.

Margt kemur til þegar fjallað er um þróun byggðar í landinu en eitt stærsta hagsmunamálið er samgöngur. Á Vesturlandi þarf að huga alvarlega að ástandi tengi- og héraðsvega. Illa hefur gengið að byggja upp vegakerfi landshlutans sem hefur mikið af fyrirnefndum vegum innan svæðisins. Viðhald veganna er í lágmarki og ástand þeirra víða þannig að hætta stafar af. Framlög kjördæmisins til vegamála fyrir yfirstandandi ár eru 3.082 milljónir. Þar af fara tæp 70% til Óshlíðarganga. Á þetta hefur verið bent í umsögn til Nefndasviðs Alþingis um vegaáætlun í bréfi dags. 11.05.2010.

Brýnt er að nútímavæða skattkerfið t.d. varðandi ferðakostnað og laga það að breyttum aðstæðum. Íbúar sem ferðast um langan veg til sinna starfa fá notið skattaafsláttar en dæmi eru um fyrirmyndir víða hjá nágrennapjóðum okkar.

Sóknaráætlun. Menningar- og vaxtarsamningar.

Unnið er að því að vinna sóknaráætlun fyrir Vesturland, eins og öll önnur svæði landsins. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fjallar um markmið með vinnu sóknaráætlana.

Stjórn SSV vekur athygli á því að landshlutasamtaka sveitarfélaga er varla getið í tillögunni en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð sóknaráætlana.

Atvinnuþróunarfélögin eru nefnd og er það ánægjulegt. Vaxtarsamningar og menningarsamningar fá einnig verðskuldaða athygli í tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun og er það ánægjulegt þar sem sýnt þykir að fyrirnefnd verkefni hafi sannað gildi sitt. Stjórn SSV fagnar því að stefnt skuli á framlengingu þessara verkefna.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. þ 138/2199
komudagur 12.5.2010

11. maí 2010
SI-63146

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 4. maí 2010 óskaði Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013, Þskj. 910 – 521. mál. Óskað var eftir umsögn bankans fyrir 24. maí 2010.

Umrætt efni er ekki á sérsviði Seðlabankans. Seðlabankinn bendir þó á að ýtarleg kostnaðaráætlun og mat á þjóðhagslegum ábata hlýtur að vera lykilþáttur áætlunargerðar af því tagi sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni, einkum við þrönga stöðu ríkisfjármála um þessar mundir. Seðlabankinn gerir ekki aðrar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2175
komudagur 11.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2010.

Málefni: *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010–2013. Þingskjal 910 - 521. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Iðnaðarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 4. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreina tillögu til þingsályktunar en efni hennar hefur ekki áhrif á starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjóra

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2643
komudagur 2.6.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 1. júní 2010
UST20100500023/hb

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál

Með tölvupósti, dags. 4. maí sl., sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013, 521. mál. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litið sé til umhverfissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun og fagnar því sérstaklega þeim þáttum byggðaáætlunar þar sem horft er til umhverfisverndar, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og vistvænnar tækniþróunar. Umhverfisstofnun telur samþættingu opinberra áætlana lykilatriði í þessu sambandi og leggur áherslu að á áætlanir á sviði umhverfismála, svo sem náttúruverndaráætlun og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, verði ekki eingöngu hafðar til hliðsjónar í öðrum málaflokkum heldur þjóni þær eftir atvikum sem grundvöllur eða rammi annarrar stefnumótunar sem getur haft áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að markmið slíkrar samþættingar ætti ekki einvörðungu að vera bundið við bættan árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna, eins og virðist gengið út frá í öðru af sjö lykilsviðum sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni, heldur er samþætting nauðsynlegt tæki til að ná markmiðum um umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Má í þessu samhengi benda á 4. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar og 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/2514
komudagur 25.5.2010

Nefndasvið Alþingis

Varðandi þingskjal 910; 521. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010–2013 .

Umsögn Valorku ehf

Valorka ehf gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013. Athugasemdirnar snúa einkum að atriðum sem snerta á einhvern hátt starfssvið Valorku ehf, sem eru frumkvöðlastarf; nýsköpun; þróun; orkutækni; orkurannsóknir o.fl, en einnig byggja þær á reynslu af starfsumhverfi frumkvöðla og hugvitsmanna víða um land og samstarfi á því sviði, ásamt því að bent er á þörf á áhugavaka á sviði frumkvöðlastarfs og raungreinamenntunar. Að auki eru ábendingar um orðalag og orðanotkun.

1. Varðandi lykilsvið 1; “atvinnustefna”. Hér vantar að geta undirstöðuatriðis góðrar atvinnustefnu, sem er almenn atvinnuþáttaka. Einnig er mikilvægt að nefna hugvit sem einn af undirstöðuþáttum atvinnusköpunar.
2. Varðandi lykilsvið 3; “efling stoðkerfis atvinnulífsins”. Hér eru nefnd tvö úrræði í þessu efni. Annarsvegar “vaxtarsamningar sem byggjast á klasahugsun”. Valorka ehf álitur að varasamt sé að gera klasasamstarf að svo fortakslausu skilyrði vaxtarsamninga. Dæmi eru þess að aðilum í nýsköpun hafi verið neitað um aðkomu vaxtarsamnings á viðkomandi stað þar sem þeir gátu ekki sýnt framá klasasamstarf sem stjórnendur vaxtarsamningsins viðurkenndu. Samvinna fjölbreyttra aðila er mjög góð aðferðafræði til byggðapróunar þar sem unnt er að beita því, en á síðustu árum hefur gætt verulegar ofnotkunar á hugtakinu “klasasamstarf” og oftrú ríkir á þessari aðferðafræði. Einnig eru í þessum tölulíð nefnd “svæðisbundin þekkingasetur”. Mikilvægt er að búa þeim samræmdar starfsreglur og ramma sem tryggja m.a. þróun verkefna einyrkja í nýsköpun sem starfa utan akademískra stofnana og stórfyrirtækja.
3. Varðandi lykilsvið 4; “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Hér vantar að gæta mikilvægis almennra og opinna samtaka í nýsköpun, s.s. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN, en þau starfa á landsvísu og eru mikilvægur liður í eflingu frumkvöðlastarfs. Varasöm er notkun nýrra orða í þessari grein. Orðið



“sprotafyrirtæki” hefur orðið tiskufyrirbæri uppá síðkastið án þess þó að fyrir liggi skilgreind merking þess. Upp hafa t.d. risið “samök sprotafyrirtækja”, en það er lokaður klúbbur sem hvorki er á jafnréttisgrunni né í þágu frumkvöðla almennt. Íslensk tunga á mörg góð heiti sem ástæðulaust er að kasta út fyrir þannig bólu; má þar t.d. nefna “hugvitsmenn”; “frumkvöðla”; “frumkvöðlafyrirtæki” og fleiri. Tímabært er að komið verði reglu á orðanotkun, einkanlega þegar þau orð eru lögð til grundvallar rétti og fjárhagslegum hagsmunum. Nokkur dæmi eru nefnd í niðurlagi málgreinarinnar um skilgreind verkefni og áherslur opinberra aðila. Þar sem þar eru nefnd tvö verkefni á sviði hreinnar orku fer Valorka ehf fram á að því til viðbótar komi; “...og nýja tækni á sviði endurnýjanlegrar orku”.

4. Varðandi kafla I. “Atvinnustefna”. Í upphafsmálgrein kaflans segir; “Við úrvinnslu og eftirfylgni verður byggt á klasahugmyndafræði um samstarf í samkeppni.” Um þetta vísast til athugasemda í tölulið 2 hér að framan. “Klasasamstarf” er mjög æskilegt þar sem unnt er að koma því við, en varasamt er að gera það að slíku skilyrði sem hér er gert. Útilokað er t.d. að beita aðferðum þannig samstarfs á sama hátt á strjálbýlustu svæðum landsins og þeim þéttbýlli. Reyndar verður ekki séð að nýyrðið “klasi” sé æskilegra í þessum efnunum en hefðbundin íslensk orð eins og “samvinna”; “samhjálp” og “eining”, og flokkast þetta orð undir óþarfa nýjungagirni. Íslenskt bændasamfélag hefur stundað “samstarf í samkeppni” í meira en þúsund ár. Þetta orð birtist aftur í 1. tölulið kaflans; “Samkeppnishæfni og klasar”, bæði í titli og þar sem rætt er um sóknarfæri sem stuðla að “klasasamstarfi” innan landshluta. Hér myndi nægja að nota síðari lið orðsins. Legg ég til að notkun þessa orðs verði borin undir málfarsfræðinga áður en því er þröngvað frekar uppá íslenska tungu með lagasetningu.
5. Varðandi kafla I – 2.tl; “heildstæð orkunýtingarstefna”. Hér vantar mikilvægan lið, og verður ekki við það unað. Ekkert er minnst á þörf þess að hefja rannsóknir til undirbúnings mati á stærstu orkuauðlind landsins sem er sjávarfallaorka. Þetta verður þó án efa eitt stærsta byggðamálið í náinni framtíð. Nær engar mælingar hafa farið fram á sjávarfallaorku við Ísland hingað til, og engin stefna hefur verið uppi í þeim efnunum að hálfu stjórnvalda. Umfang sjávarfallaorku hérlendis verður e.t.v. best séð með samanburði við niðurstöður rannsókna við Írland, sem leiddu í ljós að heildarumfang sjávarfallaorku þar er um 230 TWh/a. Til samanburðar metur Orkustofnun heildarumfang vatnsfalla- og jarðhitaorku hér vera samanlegt 123 TWh/a. Líklega er sjávarfallaorka enn umfangsmeiri hér, þar sem Írland er einungis 70% af stærð Íslands. Hvorug talan segir neitt um raunhæfa nýtingu, en þar ber að hafa í huga að tækni til nýtingar sjávarfallaorku fleygir nú ört fram og eru þegar komnar í notkun virkjanir í tilraunavinnslu. Valorka ehf vinnur að þróun íslenskrar uppfinningar á nýrri gerð sjávarfallahverfla sem hlotið hefur einkaleyfi, og bendir margt til að við Íslendingar gætum komist í fremstu röð tækniþróunar í þessum efnunum. Hverfill Valorku virðist bjóða upp á meiri hagkvæmni og viðtækara notagildi en fyrri gerðir, en prófanir standa yfir til staðfestingar á því. Sjávarfallaorka mun verða sérlega mikilvæg fyrir dreifaðar byggðir sem hafa átt erfitt með aðra orkuöflun en búa vel að straumhóðum röstum, s.s. Vestfirðir og Norðausturland. Það verður að teljast verulegt áhyggjuefni ef íslensk stjórnvöld ætla áfram að móta sína orkustefnu til framtíðar án þess að hún feli í sér rannsóknir og mat á þessari mestu auðlind þjóðarinnar. Þetta er sú orka sem komandi kynslóðir Íslendinga þurfa að treysta á, og væri skammsýni að hefja ekki rannsóknir á henni. Valorka ehf hefur nú efnt til



samstarfs við Hafrannsóknastofnun og Verkis um að hefja, strax sumarið 2010, mælingar á straumhraða í helstu annesjaröstum utan fjarða við Íslandsstrendur. Verið er að ganga frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar "Rannsóknamiðstöð sjávarorku", sem mun afla gagna á þessu sviði og standa fyrir rannsóknum á þessari orkuauðlind. Öllum hagsmunaaðilum verður boðin aðkoma að þessu rannsóknastarfi og það verður unnið í samráði við stjórnvöld, s.s. Orkustofnun. Fullyrða má að aldrei hefur rannsóknastofnun verið stofnsett af meiri hagkvæmni á Íslandi, þar sem byrjað er með 2,9 millj.kr fjárveitingu Alþingis á fjárlögum 2010; sótt um í samkeppnissjóði til að unnt verði að kaupa nauðsynlegustu mælitæki; verkefnið fellt að öðrum verkefnum Hafró og vinna verður að mestu sjálfboðavinna í byrjun. Þingsályktunartillaga vegna þessa verkefns er í undirbúningi. Óskað er eftir því að byggða- og sóknaráætlanir útiloki ekki þetta starf, líkt og hér verður gert að óbreyttu; heldur styðji við það eftir föngum. Í opinberri stefnu hefur ríkt verulegt ofmat á afrakstursgetu vatnsfalla- og jarðhitavirkjana með tilliti til meðvitundar almennings um náttúruvernd og verðmætis óspilltrar náttúru. Kemur þetta fram í hvert sinn sem umræða verður um nýja virkjunarkosti. Þetta ofmat á jafnt við um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðhita og fyrstu drög sem kynnt hafa verið að niðurstöðum stýrihóps iðnaðarráðherra að mótun orkustefnu. Rangt mat í orkumálum er þjóðinni ekki gagnlegt núna fremur en oftrú á bankaveldið fyrir hrun, og kemur til með að hafa jafn slæmar afleiðingar, ef ekki verri. Óviðunandi er að ábyrgð á framkvæmd þessa mikilvæga málaflokks verði eingöngu á hendi stýrihóps iðnaðarráðherra um mótun sjálfstæðrar orkustefnu, eins og hér er lagt til. Ef svo á að vera þarf að breyta skipan og vinnubrögðum stýrihópsins, en hvorttveggja er gagnrýnivert. Eins og fyrr er sagt hefur hann í engu viljað horfa til framtíðar umfram það sem varðar hefðbundnar orkulindir og hefur ekki tekið ábendingum utanaðkomandi aðila. Eðlilegra er, og í betra samræmi við stjórnskipan landsins, að iðnaðarráðherra fari með ábyrgð á framkvæmd. Valorka ehf mun fara fram á aðkomu að framkvæmdinni, líkt og önnur orkufyrirtæki, og einnig Rannsóknamiðstöð sjávarorku eftir að hún hefur verið stofnuð. Lagt er til að þessi tölulíður orðist svona: (breytingar undirstrikaðar):

Markmið: Að ljúka mótun heildstæðrar orkunýtingarstefnu.

Meginhugmynd: Lokið verði við mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins, með áherslu á græna atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta endurnýjanlega orku á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar og með áherslu á rannsóknir á nýjum orkulindum, s.s. sjávarorku. Fjallað verður sérstaklega um rannsóknir orkuauðlinda og möguleika á nýtingu þeirra til atvinnu- og verðmætasköpunar á næstu missirum. Breyttar aðstæður, bæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ný eftirspurn frá umhverfisvænum iðnaði kalla á nýja nálgun við uppbyggingu og fjármögnun orkuöflunar svo við getum mætt eftirspurninni. Í tengslum við mótun atvinnustefnu verði lagðar áherslur um það til hvers kyns uppbyggingar nýta á orkuauðlindirnar og tækifærin svo kynnt markvisst fyrir mögulegum fjárfestum.

Unnið er að því að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma fái lögformlega stöðu og að á grundvelli hennar verði reglubundið lögð fram þingsályktunartillaga um orkunýtingu. Með rammaáætluninni er stefnt að langþráðri sátt um orkunýtingarkosti þannig að uppbygging sem tengist nýtingu sjálfbærra orkuauðlinda verði sem markvissust.

Hefja þarf vinnu að mati á öðrum orkulindum landsins, s.s. sjávarfallaorku, og nýta tækifæri sem þar kunna að skapast með nýrri tækni, ásamt því að nýta og örva framtak

Íslenskra frumkvöðla á sviði orkutækni.

Árangursmat: Kynning stefnumótunar í tveimur áföngum og samráð við hagsmunaaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, umhverfisráðuneyti, orkufyrirtæki, stýrihópur um sóknaráætlun, stýrihópur um mótun orkustefnu, sveitarfélög, Fjárfestingarstofa, Nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun: 2010.

6. Varðandi kafla I – 4.tl; “Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklasi”. Hér virðist komin fram hugmynd þröngs hóps um mjög sérteka rannsóknastofu. Gera verður athugasemd við þessar áætlanir þar þessari stofnun virðist ætlað að þjóna alltof þröngum hagsmunum. Óverjandi er að verja opinberu fé til stofnunar rannsóknarstofu á svo þröngu sviði, meðan önnur þjóðhagslega brýn rannsóknarverkefni búa við aðstöðuleysi. Því eru hér lagðar til verulegar breytingar á þessum lið. Síðari liðurinn í heiti töluliðarins; “efnaverkræðiklasi” falli niður. Nauðsynlegt er að ætla þessari stofnun fleiri viðfangsefni á sviði orkutækni en þau sem nefnd eru. Í síðasta tölulið var nefnt þróunarstarf sem nú er að hefjast á sviði sjávarorkuvirkjana og raunhæfa möguleika Íslendinga til að taka forystu á því eftirsóttu sviði tækniþróunar. Þróunarstarf í þeim greinum ætti tvímælaust heima í stofnun sem þessari; að því gefnu að þar verði sjálfstæðar starfseiningar þróunaraðila en ekki einungis miðlæg rannsóknarstofa háskóla. Nýlegt dæmi um aðstöðuleysi þróunarstarfs í orkutækni er að ekki finnst átaksmælir í landinu sem nauðsynlegur er til prófunar nýrra tækja, en þetta kom í ljós við þróun Valorka-hverflanna. Þá má nefna að í Grindavík hefur af mikilli framsýni verið sett upp straumker sem nýst getur vel til hverfilprófana. Koma mætti upp góðri sjóprófunaraðstöðu á sviði öldu- og sjávarfallavirkjana, t.d. í Breiðafirði. Einnig er rétt að hafa hér í huga íslenska sérþekkingu á sviði jarðhitatekni, sem nú er orðin verðmæt útflutningsafurð. Valorka ehf telur ekki viðunandi að lagt sé opinbert fé í svo sérteka stofnun sem lýst er í uppkastinu, meðan tækniþróun sem Valorka ehf fæst við, og þróunarstarf annarra aðila, býr við lakari aðstöðu og algjört öryggisleysi um framgang. Ekki verður unað við annað en að vandað verði til stofnunar af þessu tagi og að allir hagsmunaaðilar fái að koma að mótun hennar og þjónustu, þ.m.t. Valorka. Lagt er til að þessi töluliður orðist svona (viðbætur undirstrikaðar, úrfellingar yfirstrikaðar):

“Iðn- og orkugarðar

Markmið: Stuðla að uppbyggingu iðngarða sem tengjast orkuvinnslu, svo sem þróun nýrrar íslenskrar tækni til orkuvinnslu, og efnaverkfræðiklasa sem tengist íslenskum jarðhitasvæðum og háskólum rannsóknum.

Meginhugmynd: Iðngarðar með áherslu á nýsköpun sem tengist jarðvarma endurnýjanlegri orku gæti orðið lyftistöng fyrir íslenskt atvinnulíf. Í iðngörðunum yrði aðstaða til smíða og prófana vegna nýsköpunar í orkutækni og auk þess byggt á efnum frá orkuvinnslu, auk hita og raforku. Efnaverkfræðiklasi Samstarfshópur þróunaraðila er álitlegur kostur fyrir iðngarð. Hann samanstæði af mörgum fyrirtækjum sem saman mynduðu heild þar sem hver framleiðslueining og þekkingargrein styddi aðra. Hráefni sem kæmi frá jarðvarmaverum skapaði grunn að slíkum klasa. Þar sem engin ein framleiðslueining klasans mundi framleiða öll efnasambönd gæti hver og ein sérhæft sig í framleiðslu tiltekinna efna sem svo mætti nýta sem undirstöður í flóknari efnasambönd hjá öðrum. Uppbygging getur farið fram í áföngum. Hver eining gæti



þurft á bilinu 30 til 50 MW af raforku til starfseminnar.

Fjárfestingarstofa hefur þegar haft frumkvæði að mótun hugmynda um „grænan iðngarð“ í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Kadeco þar sem áhersla er lögð á mögulega aðkomu erlendra aðila til að tryggja hraða uppbyggingu. Markmið þessa verkefnis er að ljúka kortlagningu allra kosta á þessu sviði samhliða því sem stutt er við þau verkefni sem þegar eru í undirbúningi. Nýsköpunarmiðstöð mun leiða könnun á mögulegri hráefnisvinnslu og staðsetningu slíkra iðngarða og efnaverkfræðiklasa auk þess að leita vísindalegs samstarfs. Fjárfestingarstofa mun leita erlendra fjárfesta og samstarfsaðila við uppbyggingu.

Árangursmat: Skýrsla NMI og Fjárfestingarstofu um framgang og ákvörðun um framkvæmdir við iðn- og orkugarða og efnaverkfræðiklasa.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, orkufyrirtækin, Fjárfestingarstofa, háskólar og eftir atvikum fleiri.

Tímaáætlun: 2011–2013.”

7. Varðandi kafla III. – 11. tölulið. “skilvirkara stoðkerfi”. Hér hefur láðst að geta um eina helstu stoð atvinnuuppbyggingar, en það er framtak frumkvöðla og hugvitsmanna. Einnig er rétt að hafa í huga að stöðug þróun er mikilvæg forsenda blómlegs atvinnulífs. Frumkvöðlastarf getur aldrei, og má aldrei, verða einkamál háskólaakademíu og stjórnkerfis eins og nú gætir í alltof ríkum mæli. Lagt er til að önnur málsgrein orðist þannig: “Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar, ásamt hugviti og frumkvöðlastarfsemi. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla, frumkvöðla og rannsóknastofnana er mikilvægt. Í því felst að þri-fjölþætt stoðkerfi vinnur saman að þróun, framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.”
..... og varðandi þátttakendur:
“*Aðrir þátttakendur:* Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, Fjárfestingarstofa, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.”
8. Varðandi heildarumsögn kafla IV; “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Hér vantar að geta um mikilvægan þátt nýsköpunar sem löngum hefur átt erfitt uppráttar á Íslandi, en það eru frjáls, opin og lýðræðislega uppbyggð félagasamtök áhugafólks á sviði nýsköpunar. Nú eru starfandi tvö félög af þessu tagi, sem bæði hafa unnið mikið starf í eflingu nýsköpunar. Þetta eru Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og Félag kvenna í nýsköpun (KVENN). Meðal þeirra þátta sem félögin beita sér fyrir eru uppbygging tengslanets almennra frumkvöðla; umbætur á starfsumhverfi frumkvöðla; miðlun þekkingar og starfa á sviði nýsköpunar o.fl. Lagt er til að sérstakur töluliður verði helgaður þessum mikilvæga þætti nýsköpunar, og að þar verði leitast við að nýta til fulls hina miklu getu og hinn mikla áhuga fólks sem starfar á vegum félaganna.
9. Varðandi kafla IV: “nýsköpun og sprotafyrirtæki”. Í kaflanum eru talin upp nokkur verkefni á sviði nýsköpunar í orkumálum, sbr. töluliði 17, 18 og 19. Þar vantar algjörlega að geta tveggja verkefna á þessu sviði; verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku sem hafa ekki síðri þýðingu fyrir þjóðarhag og byggðastefnu en þau sem upp eru talin. Hér er annarsvegjar átt við þróunarstarf Valorku ehf vegna nýrrar tækni til



virkjunar sjávarfallaorku, en það gæti komið Íslendingum í fremstu röð á heimsvísu á þessu eftirsóttá tæknisviði. Hinsvegar er hér átt við samstarfsverkefni Valorku ehf; Hafrannsóknastofnunar; Verkís og væntanlega fleiri aðila; Rannsóknamiðstöð sjávaraorku, sem snýst um allhiða og almennar rannsóknir á umfangi og nýtanleika sjávarorku við Ísland. Sjá nánar í lið 5 hér að framan. Það verkefni fer af stað sumarið 2010, og verður leitað eftir viðtæku samstarfi margra aðila og stjórnvaldsstofnana. Verkefni sem þessi eru án nokkurs efa í þágu þjóðarhags og byggðar, og eiga því tvímælalaust heima í þessari byggðastefnu. Lagt er til að bætt verði við nýjum tölulíð í þennan kafla, svohljóðandi:

20. Rannsóknir og þróun á sviði sjávarorku.

Markmið: Rannsaka sjávarorku við Ísland og efla þróun sjávarorkutækni.

Meginhugmynd: Víða um heim er nú lögð mikil áhersla á rannsóknir og nýtingu sjávarorku og tækniþróun hefur verið hröð á síðustu árum á því sviði. Vitað er að í straumbungum röstum Íslands, bæði við annes og innanfjarða, býr gífurleg orka. Enn hafa litlar sem engar mælingar farið fram á straumhraða hér, en af samanburði við önnur lönd, s.s. Írland, má ætla að sjávarfallaorka sé stærsta orkulind Íslands. Hér er því án efa um að ræða orkulind sem komandi kynslóðir þurfa að nýta, enda er að öllum líkindum stutt í að tækni til þess verði samkeppnisfær. Sett hefur verið á fót Rannsóknamiðstöð sjávarorku sem mun verða skráð sem sjálfseignastofnun. Stofnaðilar eru Valorka ehf; Hafrannsóknastofnun og Verkís, og verður óskað eftir þátttöku annarra aðila og stofnana og að iðnaðarráðherra skipi í stjórn. Þessi stofnun mun starfa á faglegum og almennum grunni að rannsóknum á umfangi og nýtingu sjávarorku, ásamt því að halda utanum gagnagrunn á sviði sjávarorku. Fleiri aðilar fást við rannsóknir sjávarorku: Í Hvammsfirði hefur Íslensk sjávarorka rannsakað Röstina; í Þorskafirði vinnur hópur að rannsóknum undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðinga, og í Hornafirði vinnur hópur að rannsóknum undir forystu sveitarfélagsins. Stefnt er að því að allir þessir aðilar komi að rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar sjávarorku, sem þá verður samræmingaraðili rannsókna á þessu sviði; heldur utanum tækjakost og vinnur í nánú samstarfi við Hafrannsóknastofnun og stjórnvöld. Þá er einnig unnið að þróun nýrrar íslenskrar tækni til virkjunar sjávarorku á vegum íslenskra frumkvöðla sem gæti haft verulega þýðingu og komið Íslendingum í fremstu röð tækniþróunar í þessari eftirsóttu grein.

Árangursmat: Árlegar skýrslur um rannsóknir og þróun á sviði sjávarorku.

Ábyrgð á framkvæmd: Orkustofnun

Aðrir þátttakendur: Rannsóknamiðstöð sjávarorku; aðrir aðilar í rannsóknum og þróun

Tímaáætlun: 2010-2013

10. Varðandi kafla VII; “félagsauður”. Hér vantar einnig að bæta inn sérstökum tölulíð um stofnun sem lengi hefur vantað til stuðnings íslensku skólastarfi, en er algeng í öllum samanburðarlöndum okkar. Þetta er tæknimiðstöð (e: science center). Tæknimiðstöðvar eru starfandi á öllum Norðurlöndunum, og hefur m.a. verið mótuð sérstök opinber stefna í Noregi um stofnsetningu þeirra í hverju fylki, enda er gagnsemi þessara stofnana óumdeild og vel þekkt erlendis. Hér hefur þessu lítil gaumur verið gefinn, en þetta atriði gæti t.d. skýrt að hluta hina slæmu útkomu íslenskra skólabarna í pisa könnunum. Tæknimiðstöðvar eru all sérstæðar stofnanir, þar sem gesturinn (nemandinn) lærir gegnum upplifun (hands-on); með því að leika sér í til þess ætluðum leiktækjum; framkvæma þrautir; upplifa; keppa og prófa.



Þannig nám er sérstaklega gagnlegt fyrir þá sem eiga erfitt með bóknám. Tæknimiðstöðvar eru þó meira en þetta. Þær eru áhugavaki fyrir nýsköpun og verknám; virkja frumkvöðlahugsun og hvetja til athafna. Sumar búa yfir söfnum sem sýna tækniþróun og nýjungar á því sviði; verk hugvitsmanna og frumkvöðla, en slíka kynningu vantar alveg hérlendis. Um sjö ára skeið hefur starfað víðtækt áhugamannafélag til undirbúnings íslenskrar tæknimiðstöð, sem nefnist ÁTAK (Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu), og hafa þau notið lítilsháttar stuðnings af fjárlögum. Aðilar að samtökunum eru fjölmargir, flestir á sviði kennslu og skólastarfs á öllum skólastigum, en einnig nokkur stór launþegasamtök; félög í frumkvöðlastarfsemi og sérfræðingar úr ýmsum greinum. Árið 2007 gerði Kennaraháskóli Íslands/SRR ítarlega úttekt á gagnsemi og þörf tæknimiðstöðvar fyrir íslenska menntun. Niðurstöður af vítækri vinnu var skýrsla, þar sem eindregið er lagt til að sett verði á fót íslensk tæknimiðstöð. Þetta er í góðu samræmi við álit annarra sem til þekkja. Nánar er fjallað um eðli tæknimiðstöðva og vinnu ÁTAKs á heimasíðu verkefnisins; www.tsi.is. Tæknimiðstöð Íslands yrði eflaust ein og miðlæg í byrjun; staðsett nærri þungamiðju fjöldans; höfuðborgarsvæðinu. Hún myndi þó, eins og aðrar slíkar erlendis, þjóna skólum í hinum dreifðari byggðum með ýmsum hætti. Fyrir utan fjarkennslu og net yrði farið í reglulegar heimsóknir; skipulagðar yrðu nemendaheimsóknir o.fl. Tæknimiðstöð þjónar því landinu öllu og á tvímælalaust heima í byggðaáætlun. Hinn víðtæki menntahópur sem nú hefur skilað niðurstöðu til undirbúnings "Sóknaráætlun 20/20" fjallaði ítarlega um þörf á tæknimiðstöð. Í niðurstöðum hópsins segir m.a. "Koma þarf á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun". Nauðsynlegt er að tillaga þessi að nýrri byggðaáætlun sé í samræmi við niðurstöður starfshópsins. Því er hér með lagt til að nýr tölulíður bætist við þingsályktunartillöguna sem orðist þannig:

30. Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Markmið: Stofnun íslenskrar tæknimiðstöðvar.

Meginhugmynd: Koma á fót tæknimiðstöð (e. science center) sem vekja myndi athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun. Slíkar miðstöðvar eru starfræktar í nágrannalöndum okkar og sérfræðingar hafa staðfest gagnsemi og þörf hennar hér, ekki síst í þágu raungreinamenntunar en einnig sem áhugavaka í nýsköpun og kynningu á íslenskrar tækniþróun. Unnið hefur veið að undirbúningi slíkrar stofnunar um nokkurt skeið á vegum áhugasamtakanna ÁTAKs, með aðkomu margra aðila úr mennta- og atvinnulífi. Kanna þarf hagkvæmni þess að tengja slíka stofnun fyrirhuguðu Náttúruminjasafni og e.t.v. öðrum stofnunum.

Árangursmat: Áfangaskýrslur undirbúnings; stofnframkvæmda og rekstrar

Ábyrgð á framkvæmd: Mennta- og menningarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: ÁTAK (Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu); Náttúruminjasafn.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Niðurlag.


Valorka ehf væntir þess að framangreindar athugasemdir og tillögur verði skoðaðar gaumgæfilega af þeim sem um þessa þingsályktunartillögu fjalla. Segja má að áætlanagerð hafi sjaldan verið mikilvægari en á þessum óvissu- og þrengingartímum þjóðarinnar. Tækifæri til nýrrar uppbyggingar og sóknar eru mörg. Í ljósi biturrar reynslu er mikilvægt að



stjórnvöld leggi sig fram um að hlusta á; meta og taka mark á tillögum utan úr samfélaginu við alla áætlanagerð. Bygðaaætlun núna er hluti af Sóknaráætlun 20/20 og er það eðlilegt. Vanda þarf til þessara áætlana beggja og leggja mat á hvað tilheyrir hvorri. Mikilvægt er að sýnd sé framsýni, ekki síst í þeim málum sem hér að framan eru mest rædd; nýtingu nýrra orkulinda; nýrra aðferða við menntun og þess hugvits sem býr í hverjum Íslendingi.

Ásbrú 12. maí 2010

f.h. Valorku ehf


Valdimar Óssurásson, ffrkvstj.



Iðnaðarnefnd Alþingis

Stutt ágríp:

Staða og horfur varðandi Rannsóknamiðstöð sjávarorku (RMS)

Lagt fram á fundi VÖ með iðnaðarnefnd 23.09.2010.

Vísað er til tillagna dags. 12.05.2010 um þátt að byggðapr.áætlun.

521. mál

Staða: Nánast engar rannsóknir hafa verið gerðar á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við Ísland, stærstu orkulindar landsins. (sjá lið 5 í tillögunum). Valorka ehf hefur unnið að úrbótum í því og haft að leiðarljósi að viðhöfð verði fagleg og óumdeild vinnubrögð; niðurstöður verði öllum opnar í víðtækum gagnagrunni; samvinna verði milli stjórnvalda, hagsmunaaðila og fagaðila og unnið verði með hagkvæmasta hætti með því að nýta stofnanir og búnað sem þegar er fyrir hendi.

Gert var samkomulag við Hafrannsóknastofnun um aðkomu á þann hátt að Valorka ehf ynni að útvegum nauðsynlegra dopplermæla en Hafró sæi um lagningu þeirra; endurheimtu og vistun, auk þess að vinna úr niðurstöðum gagna. Þessi aðkoma Hafró er mjög hagkvæm og tryggir fagmennsku. Þriðji aðili samkomulagsins var Verkís, en með því var m.a. tryggð samræming við fyrirliggjandi sjávarfallalíkan Siglingastofnunar sem Verkís sér um. Sótt var um framlag á fjárlögum 2010 og var Valorku ehf úthlutað 2,9 millj.kr í þetta verkefni. Sú upphæð dugði ekki fyrir einum máli og var því sótt um viðbótarstyrki úr ýmsum samkeppnissjóðum gegn þessu mótframlagi. Í stuttu máli synjuðu allir um styrki; Tækjasjóður Rannís; Impira; Orkusjóður og fleiri opinberir "nýsköpunarsjóðir". Þessar synjanir þýddu að ekki reyndist unnt að hefja rannsóknirnar og var ákveðið að fresta þeim til næsta sumars, en nýta tímann til að tryggja aukið fé til rannsókna og afla verkefninu skilnings og fylgis með kynningu. Gerðar voru nokkrar punktmælingar með rekbauju. Valorka ehf keypti lítinn slöngubát sem bæði nýtist í þessar rannsóknir og þróunarverkefni hverfilsins. Rekmælingar af þessu tagi eru þó allsendis ófullnægjandi, auk þess sem ekki er hættulaust að vera á lítilli gúmmítuðru í straumhörðustu röstum landsins. Iðnaðarráðherra hefur enn ekki veitt undirbúningsaðilum viðtal.

Horfur: Öll rök hníga að því að skilningur aukist á þessu mikilvæga verkefni. Í ljósi reynslunnar er þó hæpið að treysta á skilning samkeppnissjóða, heldur verður að ætla að grunnrannsóknir þessarar stærstu orkuauðlindar landsins verði kostaðar beint af almannafé. Stofna þarf RMS sem sjálfseignastofnun og tryggja víðtæka aðkomu. Sótt verður um stuðning á fjárlögum 2011 til að hefja rannsóknir á hagkvæman hátt. Nauðsynlegt er að kaupa strax a.m.k. 2 botnmæla; 1 dopplermæli í bát; afnot af bátum og sérfræðivinnu. 20 milljónir kr gæti dugað á fyrsta ári, en það þyrfti síðan að endurskoða fyrir næstu ár. Ólíklegt er að mikilvæg rannsóknastofa í þágu almennings hafi byrjað starfsemi fyrir minna fé. Ég mun halda áfram vinnu á þessum vettvangi, en óska liðsinnis alþingismanna og fleiri.

Stjórnvöld: Alþingi þarf nú þegar að taka málefni sjávarorku til umræðu og móta stefnu um rannsóknir. Sama gegnir með ríkisstjórn og stofnanir. Þörf er á sérstöku þingmáli en einnig þarf þessi stefna að endurspeglast í byggðastefnu; orkustefnu; grænu hagkerfi; sóknaráætlun og víðar. Sjávarorka er hreinasta og stærsta orkulind landsins; orkulind næstu kynslóða.

23. ágúst 2010

Valdimar Össurarson
f.h. Rannsóknamiðstöðvar sjávarorku



Iðnaðarnefnd Alþingis

Stutt ágríp:

Staða og horfur varðandi þróun sjávarfallahverfla Valorku

Lagt fram á fundi VÖ með iðnaðarnefnd 23.09.2010.

Vísað er til tillagna dags. 12.05.2010 um þátt að byggðapr.áætlun.

Staða: Einkaleyfi liggur fyrir á gerðum V-1 og V-2. V-3 stóðst ekki nýnæmismat og V-4 er í umsóknarferli. Fleiri gerðir eru í skoðun. Eftir margar synjanir um styrki hlaut Valorka ehf frumherjastyrk Tækniþróunarsjóðs til þróunar hverflanna á kerprófunarstigi, og er unnið samkvæmt samningi sem rennur út 14.sept 2010. Orkusjóður styrkir sama áfanga.

Kerprófanir lofa góðu og virðast staðfesta væntingar, en ennþá er töluverð fagleg úrvinnsla eftir. Smíðuð hafa verið prófunarlíkön í fjölmörgum útfærslum og eru bæði gerðar mælingar til útreikninga á virkni og afkastagetu og einnig til innhyrðis samanhurðar. Smíði og framkvæmd er í höndum undirritaðs, en Halldór Pálsson Ph.D. dósent í vélaverkfræði við HÍ fer með faglega umsjón og vottun. Ýmsir sérfræðingar koma að hönnun, prófunum og öðrum þáttum. Vinnuástandið er í Eldey að Ásbrú, en prófað er í straumkeri FS í Grindavík. Kerið skilar jöfnum straumi 0-0,5 m/sek, en notaður er búnaður á slöngubát til að prófa meiri straumhraða. Unnið er að gerð lokaskýrslu vegna kerprófana.

Horfur: Fjármögnun næstu áfanga er í mikilli óvissu, en sótt verður um verkefnisstyrk til Tækniþróunarsjóðs nú í haust. Næsti þróunaráfangi felst í smíði og prófun stærra líkans í sjó; bæði við stýrðar aðstæður og raunaðstæður. Hugsanlega verður samið við erlenda prófunarstöð, en það fer m.a. eftir fjármögnun. Komið er á samband við ýmsa erlenda aðila, t.d. varðandi íhluti. T.d. hefur verið rætt við þýskt fyrirtæki um framleiðslu alls rafbúnaðar. Valorka hverfillinn, einkum síðustu gerðir hans, hefur enn mikla möguleika á að verða fyrsti hverfill heims sem nýttur verður til virkjana sjávarfalla utan straumhördustu sunda. Hann hefur því meiri markaðsmöguleika en nokkur önnur önnur virkjanatækni sem undirrituðum er kunnugt um, og getur orðið mikilvægur liður í þeirri fjármunamyndun og atvinnusköpun sem nú skortir tilfinnanlega hérlendis. Hinsvegar er ljóst að ef ekki fæst stuðningur við áframhaldandi þróun hérlendis þá mun þetta þróunarstarf þurfa að flytjast úr landi.

Stjórnvöld: Alþingi þarf nú þegar að móta stefnu sem hvetur til nýsköpunar á sviði sjávarorkutækni. Þar eigum við Íslendingar stórkostleg sóknartækifæri núna. Byggðaaætlun er eitt tæki til þess, en einnig er þörf á sérstökum þingmálum í þessu efni. Mikilvægt er einnig að íslensk stjórnvöld fylgist með hinni miklu viðleitni ríkja heims til nýtingar þessara gífurlegu orkulinda, og færi sér í nyt þau tækifæri sem með því skapast til framleiðslu og sóknar inn á erlenda markaði, um leið og hugað er að nýtingu eigin auðlinda. Tryggja þarf að samkeppnissjóðir séu meðvitaðir um mikilvægi þessa þáttar og/eða beita sértækum úrræðum til að ekki tapist möguleikar og hagsmunir þjóðarinnar í þessu efni. Ef samkeppnissjóðir sýna þessu sviði ekki skilning þarf Alþingi að tryggja framgang verkefna með beinum stuðningi. Því lengur sem stjórnvöld hika í þessum efnum; því fleiri tækifærum missum við af.

23. ágúst 2010

Valdimar Össurason
frkvstj. Valorku ehf.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2156
komudagur 11.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2010
Tilvisun: 2010050006/90.12
HrH/SE/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 03.05.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 574. mál.

Með tölvupósti dags. 03.05.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.